



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## MA ritgerð í náms- og starfsráðgjöf

### „Að taka við keflinu“

Upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum  
af aðkomu sinni við vinnslu kynferðisofbeldismála

Fríður Hilda Hafsteinsdóttir

Leiðbeinandi: Helga Tryggvadóttir, aðjunkt  
Júní 2024

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

**„Að taka við keflinu“**  
***Upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum***  
***af aðkomu sinni við vinnslu kynferðisofbeldismála***

Fríður Hilda Hafsteinsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Helga Tryggvadóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2024

„Að taka við keflinu“.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA prófs við Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2024 Fríður Hilda Hafsteinsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Höfn í Hornafirði, 2024



## Formáli

Rannsókn þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Félagsfræði-, mannfræði-, og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Um er að ræða eigindlega rannsókn og er markmið hennar að kanna upplifun náms- og starfsráðgjafa af aðkomu sinni við vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskóla hérlandis. Leitast var við að heyra upplifun þeirra af hlutverki sínu við vinnslu slíkra mála, þeim áskorunum sem verða á vegi þeirra sem og upplifun þeirra af þeim viðbragðsáætlunum sem framhaldsskólar hafa sett sér er varða kynferðisofbeldismál.

Áhugi minn á viðfangsefninu kviknaði þegar #meetoo bylting framhaldsskólanemenda stóð sem hæðst þar sem úrræði og viðbrögð framhaldsskólanna í málum tengd kynferðisofbeldi voru gagnrýnd. Sjálf hef ég starfað í skólaumhverfinu í fjöldamörg ár og nú síðustu ár gegnt stöðu námsráðgjafa í framhaldsskóla og fór því þessi gagnrýni ekki fram hjá mér. Í kjölfarið fór ég að kynna mér úrræði og viðbrögð framhaldsskólanna í þessum málaflokki. Mig langaði til að nýta þetta tækifæri og kanna hvernig náms- og starfsráðgjafar upplifa hlutverk sitt í þessum málum og hver þeirra upplifun er af úrræðum og viðbrögðum framhaldsskólanna. Ég tel að þeirra innsýn geti veitt mikilvægar upplýsingar um stöðu þessara mála innan framhaldsskólanna.

Ég vil byrja á því að þakka eiginmanni mínum Gunnari Stíg Reynissyni fyrir allan hans stuðning og hvatningu í þessu ferli. Einnig vil ég þakka börnunum mínum tveimur, Urði og Erni fyrir að sína mömmu sinni þolinmæði og skilning. Helgu Tryggvadóttur leiðbeinanda mínum þakka ég fyrir faglega aðstoð og eins vinkonu minni Agnesi Heiðu Þorsteinsdóttur fyrir yfirlestur og hjálplegar athugasemdir. Eins vil ég þakka Árdísi Kristínu Ingvarsdóttur fyrir gagnlegar ábendingar. Að lokum vil ég þakka öllum viðmælendum fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt, án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika.

## Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast innsýn í upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum af aðkomu þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála. Kanna hvernig þeir upplifa sitt hlutverk í slíkum málum og hvaða áskoranir verða á vegi þeirra varðandi þennan málaflokk. Eins að kanna hver upplifun þeirra er af þeim viðbragðsáætlunum sem skólar hafa sett sér er varða kynferðisofbeldi. Rannsóknin var framkvæmd með eiginlegri rannsóknaraðferð og voru viðtöl tekin við átta náms- og starfsráðgjafa sem starfa innan framhaldsskólanna.

Helstu niðurstöður gefa til kynna að þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við gegna veigamiklu hlutverki við vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Þeir leggja sig fram við að sýna þeim nemendum sem að slíkum málum koma virðingu og samkennd, styðja þá og starfa sem talsmenn bæði þolenda og meintra gerenda innan skólanna og gæta að hagsmunum beggja. Þeir taka við keflinu, koma málunum í réttan farveg og finna hentug úrræði. Niðurstöður sýndu að það er viðmælendum mikilvægt að starfa innan síns starfssviðs en vegna skorts á úrræðum og ýmissa áskoranna sem á vegi þeirra verða við vinnslu kynferðisofbeldismála þá upplifa þeir sig nauðbeygða til að starfa fyrir utan sitt starfssvið til að stuðla megi að farsæld og áframhaldandi skólagöngu þeirra nemanda sem að málunum koma.

Af niðurstöðum má ætla að enn sé vinna fram undan hjá framhaldsskólum og stjórnvöldum til að bregðast við þeim vanda sem kynferðisofbeldi innan framhaldsskólanna er. Skilgreina þarf betur störf náms- og starfsráðgjafa og það hlutverk sem þeir gegna við vinnslu kynferðisofbeldismála. Ásamt því að skýra þarf lagaramma og endurskoða viðbragðsáætlanir svo hægt verði að bjóða uppá raunveruleg úrræði sem tryggja farsæld bæði þolenda og ungra gerenda. Vonast er til að þessar niðurstöður verði gagnlegar við mótun verkferla og stefnumörkun stjórnvalda er varða kynferðisofbeldismál innan framhaldsskólanna.

## **Abstract**

The object of this study was to gain insights into career and guidance counselors experiences of their involvement in the handling of sexual violence cases in secondary schools. Explore how they perceive their role in such cases and what challenges they face in this area. The aim was also to explore what their experiences are with the response plans that schools have put in place regarding sexual violence. The study was conducted using a qualitative research method and interviews were conducted with eight counselors in upper secondary schools.

The results indicate that the counselors interviewed play a significant role in processing sexual violence cases. They strive to treat the students involved in such cases with respect and empathy, support them, act as advocates for both the victim and the alleged perpetrator within the schools, and look out for the interests of both. They take the baton and make sure the cases are on the right course and find suitable resources. The results also showed that it is important for them to work within their field, but they feel forced to operate outside of their field of expertise to promote the wellbeing and the ongoing education of students involved in sexual abuse cases because of a lack of resources and various challenges they face when processing cases of sexual violence.

From the findings, it can be assumed that there is still work ahead for upper secondary schools and the authorities to address the problem of sexual violence within the schools. The work of career and guidance counselors and the role they play in processing sexual violence cases need to be better defined. As well as clarifying the legal framework and response plans reviewed to provide resources that ensure the wellbeing of both victims as well as young perpetrators. Hopefully, these findings will be useful in shaping government procedures and policies regarding sexual violence cases within upper secondary schools.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Útdráttur .....	6
Abstract .....	7
1 Inngangur .....	10
1.1 Kynferðisofbeldi í framhaldsskólum á Íslandi .....	11
1.1.1 Náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum á Íslandi .....	12
1.1.2 Aðkoma náms- og starfsráðgjafa að vinnslu kynferðisofbeldismála ....	14
1.2 Kynferðisofbeldi .....	15
1.2.1 Gerendur kynferðisofbeldis .....	16
1.2.2 Afleiðingar kynferðisofbeldis á þolendur þess .....	18
1.3 Hlutverk og skyldur framhaldsskólanna og starfsfólks þeirra .....	19
1.3.1 Hlutverk og viðbrögð framhaldsskóla í kynferðisofbeldismálum .....	20
1.3.2 Rannsóknarspurningar .....	23
2 Aðferð .....	24
2.1 Þátttakendur .....	24
2.2 Framkvæmd rannsóknar .....	25
2.3 Skráning og úrvinnsla gagna .....	26
2.4 Siðferðislegir þættir .....	27
3 Niðurstöður .....	29
3.1 Að taka við keflinu – upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu við vinnslu kynferðisofbeldismála .....	30
3.1.1 Að sýna þolendum virðingu og samkennd .....	32
3.1.2 Samvinna .....	34
3.1.3 Óhjákvæmilega það sem maður lendir í að sinna .....	34
3.1.4 Taka ekki afstöðu í kynferðisofbeldismálum .....	36
3.2 Þetta er flókið – áskoranir við vinnslu kynferðisofbeldismála .....	37
3.2.1 Bið og óvissa tekur á móti þolendum .....	38
3.2.2 Ráðaleysi skólanna .....	39
3.2.3 Náms- og starfsráðgjafar beggja vegna borðsins .....	41
3.3 Viðbragðsáætlanir skólanna – ávinningur og vankantar .....	43
3.3.1 Mikilvægar en ófullkomnar .....	44
4 Umræða .....	46
4.1 Hlutverk náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála .....	46
4.1.1 Samsvörun við starfssvið náms- og starfsráðgjafa .....	48
4.2 Áskoranir í vinnslu kynferðisofbeldismála .....	49



4.2.1	Áskoranir tengdar öðrum stofnunum eða fagaðilum.....	50
4.2.2	Áskoranir vegna lagaheimilda skólanna.....	50
4.2.3	Siðferðislegar áskoranir .....	52
4.3	Upplifun af viðbragðsáætlunum skólanna.....	53
5	Lokaorð .....	55
	Viðauki 1 - Viðtalsrammi .....	66
	Viðauki 2 - Kynningarbréf.....	67
	Viðauki 3 - Trúnaðaryfirlýsing .....	68

# 1 Inngangur

Viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar er staða og vinnsla kynferðisofbeldismála innan framhaldsskóla á Íslandi. Kynferðisofbeldi er alvarlegt samfélagsmeiðni sem á sér stað í heiminum öllum (García-Moreno o.fl., 2021). Fólk af öllum kynjum, þjóðfélagsstöðu og aldri getur orðið fyrir kynferðisofbeldi en algengast er að konur séu þolendur þess. Talið er að um þriðjungur kvenna verði fyrir kynferðisofbeldi á einhverjum tímamarki á sinni ævi (áfallasaga kvenna, e.d.; García-Moreno o.fl., 2021).

Ítrekað hefur verið sýnt fram á að þolendur kynferðisofbeldis glíma við erfiðar afleiðingar sem hafa áhrif á líðan þeirra, líf og getu til að stunda nám (Dworkin o.fl., 2017; Fry o.fl., 2018; García-Moreno o.fl., 2021; Molstad o.fl., 2023; Okunlola o.fl., 2019; Suhita o.fl., 2021). Eftir að #metoo byltingin hófst árið 2006 hefur vitundavakning orðið á þessum afleiðingum og á þeim mannréttindabrotum sem þolendur kynferðisofbeldis verða fyrir (Bhattacharyya, 2018; García-Moreno o.fl., 2021; Jafnréttisstofa, 2017). Nýverið átti sér stað hér á Íslandi samskonar bylting þar sem framhaldsskólanemendur vöktu athygli að þeirri staðreynd að kynferðisofbeldi ætti sér stað innan framhaldsskólanna og kölluðu eftir viðeigandi viðbrögðum og úrræðum frá skólasamfélaginu (Bjarki Sigurðsson, 2022; Brynhildur Karlsdóttir, 2022; Viktor Örn Ásgeirsson, 2022). Margir framhaldsskólar hafa sett sér viðbragðsáætlun sem kveður á um hvernig bregðast eigi við í slíkum málum og eru náms- og starfsráðgjafar gjarnan nefndir þar sem aðilar innan skólans sem taka á móti þolendum kynferðisofbeldis sem og meintum gerendum og vinna að úrvinnslu slíkra mála (Jafnréttisstofa, 2023).

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna upplifun náms- og starfsráðgjafa af aðkomu þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Kannað verður hvernig þeir upplifa sitt hlutverk í slíkum málum og hvaða áskoranir verða á vegi þeirra við vinnslu þeirra. Eins verður upplifun þeirra af viðbragðsáætlunum skólanna könnuð. Staða kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna hér á landi sem og aðkoma náms- og starfsráðgjafa við vinnslu þeirra hafa lítið verið rannsakaðar. Vonast er til að niðurstöður gefi innsýn í hvernig vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna er háttað og eins að niðurstöður varpi skýrara ljósi á það hlutverk sem náms- og starfsráðgjafar gegna

við vinnslu þessara mála. Er það von rannsakanda að slík þekking geti nýst við mótun verkferla og viðbragðsáætlaða með það að marki að svara ákalli framhaldsskólanemenda um skýrari úrræði og verklag innan skólanna í kynferðisofbeldismálum.

### **1.1 Kynferðisofbeldi í framhaldsskólum á Íslandi**

Undir lok ársins 2022 vöktu framhaldsskólanemendur athygli að þeirri staðreynd að innan framhaldsskólanna hér á landi væri að finna bæði þolendur og gerendur kynferðisofbeldis. Þá hófust umfangsmikil mótmæli þeirra sem seinna fékk viðurnefnið #metoo bylting framhaldsskólanema. Framhaldsskólanemendur tóku þá höndum saman og mótmæltu því að þolendur kynferðisofbeldis þyrftu að mæta gerendum sínum innan veggja skólanna. Samhliða mótmælunum stigu fram ungmenni sem lýstu því hvernig þau hefðu hætt í námi vegna þeirra viðbragða sem þau fengu innan skólanna þegar þau sögðu frá því ofbeldi sem þeir urðu fyrir. Lýstu þau upplifun sinni af aðgerða- og úrræðaleysi framhaldsskólanna þegar slík mál komu upp (Bjarki Sigurðsson, 2022; Brynhildur Karlsdóttir, 2022; Viktor Örn Ásgeirsson, 2022). Mótmæli framhaldsskólanemenda vöktu samfélagið til umhugsunar um stöðu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna og í framhaldinu hófst vinna við gerð miðlægrar viðbragðsáætlunar með það að markmiði að skýra verklag og auka öryggi nemenda (Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, 2022; Stjórnarráð Íslands, 2022). Að auki er hafin vinna með samstilltu átaki stjórnvalda og skólasamfélagsins um að auka forvarnir gegn kynferðisofbeldi innan skólanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.; þingskjal nr. 1749/2018-2019; þingskjal nr. 1609/2019-2020).

Umfang kynferðisofbeldis innan framhaldsskólanna er ekki ljóst en ýmislegt bendir til að lítið hlutfall allra þolanda kæri kynferðisofbeldi til lögreglu og aðeins örfá mál rati á borð skólayfirvalda (Stígamót, 2022; Ólafur V. Hrafnsson og Harpa Hlín Einarsdóttir, 2023). Ýmsar ástæður geta legið að baki en algengt er að þolendur upplifi skömm, sektarkennd og sjálfsásökun eftir slíkt ofbeldi. Þeim finnst að þeir hefðu átt að vita betur og óttast neikvæð félagsleg viðbrögð annarra ef þeir segja frá. Þeir óttast að aðrir réttlæti brotið að einhverju leyti og varpi ábyrgðinni yfir á þá (Campbell o.fl., 2001; Caron og Mitchell, 2022; Eygló Árnadóttir, 2023; Gravelin o.fl., 2018; Rousseau o.fl., 2020). Af þeim þolendum sem tilkynntu kynferðisofbeldi til lögreglu árið 2023 voru 45% undir 18 ára aldri og af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2022 voru 70% þeirra yngri en 18 ára þegar

ofbeldið átti sér fyrst stað (Ríkislögreglustjóri, 2023; Stígamót, 2022). Stór hluti því enn á skólaaldri þegar þeir urðu fyrir kynferðisofbeldi.

Eftir að kynferðisofbeldi á sér stað upplifa þolendur gjarnan áfallastreitu sem hefur áhrif á mætingu, kvíða sem hefur áhrif á námsárangur, félagskvíða sem einangrar þá frá samskiptum við samnemendur og þeir hverfa frá námi þar sem þolendur upplifa sig ekki örugga innan veggja skólans (Molstad o.fl., 2023; Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017; Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, 2023). Ætla má því að inngrip náms- og starfsráðgjafa sé mikilvægur hlekkur í stuðningi við nemendur innan framhaldsskólanna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

### **1.1.1 Náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum á Íslandi**

Öllum nemendum innan framhaldsskóla hér á landi er tryggður réttur til náms- og starfsráðgjafar (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Náms- og starfsráðgjafar eru trúnaðarmenn og talsmenn nemenda og starfa í þeirra þágu. Þeim er ætlað að standa vörð um velferð nemenda og gæta að hagsmunum þeirra. Gæta þess að stuðlað sé að jafnrétti og réttlæti gagnvart nemendum innan skólans (Menntamálaráðuneytið, 1998). Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskóla er að veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann ásamt því að leggja mat á hvort unnt sé að leysa úr málum innan skólans eða hvort leita þurfi til annarra fagaðila. Meðal verkefna er einnig að skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum, annast ráðgjöf um náms- og starfsval og fylgjast með námsgengi nemenda og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf. Þeir taka þátt í að skipuleggja aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum og liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda og koma að samskiptum við foreldra (reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007).

Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum móta einnig hlutverk sitt og starfssvið innan skólanna út frá starfslýsingu sem gefin er út af Félagi náms- og starfsráðgjafa (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003). Henni er ætlað að vera leiðbeinandi og tilgreinir því ekki lögbundnar skyldur þeirra. Þar kemur fram að hlutverk náms- og starfsráðgjafa er meðal annars að veita persónulega ráðgjöf og stuðning vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla eða vegna erfiðleika í einkalífi. Í sértækari málum aðstoðar hann þá sem til hans

leita við að finna viðeigandi sérfræðinga og vinna í samstarfi við þá. Hann veitir ráðgjöf um vinnubrögð og náms- og starfsval og miðlar upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum. Að auki sjá náms- og starfsráðgjafar sem starfa í skólakerfinu gjarnan um móttöku nýnema, kynningu á skólastarfinu og um samstarf við foreldra.

Náms- og starfsráðgjafar starfa einnig eftir siðareglum náms- og starfsráðgjafa sem er ætlað að efla fagvitund þeirra og stuðla að fagmennsku í starfi. Þar kemur fram að þeir eiga að sýna virðingu og nærgætni í samskiptum sínum við ráðþega og virða sjálfræði hans. Þeim er ætlað að vera meðvitaðir um sín gildi og viðhorf og gæta að jafnrétti og hlutleysi í sínum störfum og forðast fordóma. Gæta þess að mismuna ekki þeim sem til þeirra leita og tryggja að allir hafi aðgengi að þjónustu (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2021). Allir náms- og starfsráðgjafar, óháð starfstöð sinni, eru bundnir þagnarskyldu í sínum störfum og ber þeim því að fara með þá vitneskju sem þeir öðlast um persónuleg mál sem trúnaðarmál (lög um náms- og starfsráðgjafa nr. 35/2009; reglugerð um starfslíð og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007). Í ljósi barnaverndarlaga ber þeim þó að rjúfa þessa þagnarskyldu ef grunur vaknar að barn undir 18 ára búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, hafi orðið fyrir ofbeldi eða stofni heilsu sinni eða þroska í hættu (barnaverndarlög nr. 80/2002).

Af þessu má sjá að hlutverk náms- og starfsráðgjafa innan framhaldsskólanna er bæði margvíslegt og viðamikild og spila þeir stórt hlutverk við að styðja nemendur námslega, félagslega og tilfinningalega (Voight og King-White, 2021). Nemendur leita til þeirra í því skyni að fá ráðgjöf um nám og störf en einnig ef einhver tímabundinn vandi er til staðar í þeirra lífi. Náms- og starfsráðgjafar innan framhaldsskólanna hér á landi upplifa þó gjarnan að starf þeirra innan skólanna fari út fyrir þær starfslýsingar sem þeim er ætlað að starfa eftir (Agnes Helga Sigurðardóttir, 2023; Hildur Halla Gylfadóttir, 2023; Sandra Þóroddsdóttir, 2012). Þeir upplifa tímaskort í starfi sínu þar sem persónuleg ráðgjöf yfirtekur tíma þeirra og telja auk þess að hlutverk þeirra sé ekki nægilega afmarkað í tengslum við verkefni þar sem ekki er nægur mannaflí innan skólanna né úrræði sem þarf til að vinna þau (Hildur Halla Gylfadóttir, 2023; Sigrún María Hákonardóttir, 2016). Þó ekki sé sérstaklega kveðið á um aðkomu náms- og starfsráðgjafa að kynferðisofbeldismálum innan skólanna þá bendir margt til þess að þeir séu aðilarnir innan skólanna sem taki við

nemendum varðandi margvísleg ofbeldismál þar sem fá önnur úrræði standa nemendum til boða innan skólanna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021).

### **1.1.2 Aðkoma náms- og starfsráðgjafa að vinnslu kynferðisofbeldismála**

Flestir skólar hafa útbúið og birt viðbragðsáætlun á heimasíðum sínum sem tilgreinir hvernig meðferð mála er tengjast kynferðisofbeldi skuli háttað (Jafnréttisstofa, 2023). Í þeim eru náms- og starfsráðgjöfum falin margvísleg verkefni sem oft eru ólík á milli skólanna. Þar eru þeir iðulega nefndir sem þeir aðilar sem þolendur kynferðisofbeldis geta snúið sér til og tilkynnt um ofbeldið. Sum staðar er lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafi sé upplýstur um málið ef þolandi velur að tilkynna öðrum um ofbeldið (Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, e.d.; Fjölbrautaskólinn við Ármúla, 2020; Fjölbrautaskóli Suðurlands, 2022).

Í áætlunum er náms- og starfsráðgjafi gjarnan hluti af teymi sem tekur að sér vinnslu mála er snúa að kynferðisofbeldi. Teymi þessi bera mismunandi nöfn, stundum nefnd starfshópur um einelti, áreitni og ofbeldi innan skólans, stundum viðbragðsteymi, siðateymi eða ECCO teymi. Í sumum viðbragðsáætlunum er sérstaklega kveðið á um að það sé í höndum náms- og starfsráðgjafa að kalla til teymið (Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, 2022; Menntaskólinn að Laugarvatni, 2022). Í einhverjum skólum er það hlutverk náms- og starfsráðgjafa að hefja og fylgja eftir könnun á málavöxtum. Í því felst að ræða við alla aðila sem að málinu koma, safna saman gögnum, skrá í fundargerðir og í einhverju tilfellum leggja mat á málið og hvort bregðast þurfi við með viðurlögum eða stuðningsúrræðum (Fjölbrautaskóli Suðurlands, 2022; Framhaldsskólinn á Laugum, 2023; Menntaskólinn á Tröllaskaga, 2022).

Í viðbragðsáætlunum skólanna er nokkuð mismunandi hversu ítarlega er fjallað um stuðning við þolendur, stuðning við gerendur og eftirfylgni mála. Í einhverjum áætlunum fellur það í hlut náms- og starfsráðgjafa að kalla til gerendur og þolendur til að ræða stöðu mála að ákveðnum tíma liðnum. Í öðrum eru þeir tilgreindir sem mögulegir aðilar til að sinna sérfræðistuðningi. Í enn öðrum eru þeir ekki nefndir sérstaklega og lítil áhersla virðist vera sett á eftirfylgni og stuðning (Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, 2022; Verkmenntaskólinn á Akureyri, e.d.). Fram hefur þó komið að ákveðnir vankantar séu til staðar í þessum áætlunum. Þær séu misítarlegar og misaðgengilegar og í sumum er meðal

annars ekki greint á milli viðbragða gagnvart þolanda eða meints geranda (Jafnréttisstofa, 2023).

Umfjöllunin hér að ofan gefur til kynna að náms- og starfsráðgjafar gegni viðamiklu hlutverki í stuðningi og við ráðgjöf fyrir þolendur og meinta gerendur þegar það á við en einnig við úrvinnslu kynferðisofbeldismála innan skólanna. Til að skýra mikilvægi þess hlutverks sem náms- og starfsráðgjafar virðast vera að sinna þegar kynferðisofbeldi á sér stað innan skólanna verður fjallað um í næsta kafla hvað kynferðisofbeldi er, hverjir gerendur þess eru og hvaða afleiðingar slíkt ofbeldi hefur á líf, líðan og framtíð ungra þolanda.

## 1.2 Kynferðisofbeldi

Í íslenskri orðabók er kynferðisofbeldi skilgreint sem óumbeðin og óviðeigandi kynferðisleg hegðun þar með talið líkamleg valdbeiting (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, e.d.). Skilgreining þessi er nokkuð almenn en lýsir þó meginstefi kynferðisofbeldis vel, það er margvísleg kynferðisleg hegðun meints geranda sem er óumbeðin og óviðeigandi fyrir þolanda. Í íslenskum lögum er orðið kynferðisbrot notað sem samheiti yfir þau hegningarlagabrot sem tilheyra þess konar málum. Meginmarkmið ákvæða í lögum er varða kynferðisbrot er að vernda sjálfsákvörðunarrétt fólks varðandi kynlíf þess, frelsi og friðhelgi. Kynferðisofbeldi felur því í sér hegðun sem gengur gegn því (Ríkissaksóknari, e.d.). Hegðun þessi getur verið margvísleg og því falla gjarnan önnur hugtök þar undir eins og kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni. Það sem þessi hegðun á sameiginlegt er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þau áhrif eða þann tilgang að misbjóða virðingu og leiðir til ógnandi eða niðurlægjandi aðstæðna. Ofbeldi er svo annað tengt hugtak en það er hvers kyns hegðun eða hótun um slíkt sem leiðir til skaða eða þjána þess sem fyrir henni verður (reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015). Til einföldunar í þessari umfjöllun verður hugtakið kynferðisofbeldi notað sem yfirheiti yfir hegðun af þessu tagi.

Kynferðisofbeldi getur birst á ýmsan hátt. Nauðgun er þegar einstaklingur hefur samræði eða önnur kynferðismök við einhvern án samþykkis (almenn hegningarlög nr. 19/1940). Nauðgun getur átt sér stað innan hjónabanda eða annarra náinna sambanda ef

annar einstaklingur upplifir einhvers konar þvingun eða að farið hafi verið yfir mörk í kynlífstengdum athöfnum (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Stígamót, e.d.). Með auknum tækniþróunum hafa stafræn samskipti orðið hluti af daglegu lífi flestra. Samkvæmt íslenskum hegningarlögum á stafrænt kynferðisofbeldi sér stað þegar einstaklingur útbýr, aflar sér, dreifir eða birtir ljósmynd, kvikmynd, texta eða sambærilegt efni í heimildarleysi í tengslum við nekt eða kynferðislega hegðun annarra. Einnig ef hótað er að framkvæma eitthvað að ofangreindu og hótunin vekur ugg hjá þeim sem hún beinist að (almenn hegningarlög nr. 19/1940). Stafrænt kynferðisofbeldi getur því falið í sér að teknar séu nektarmyndir eða kynferðislegt myndefni án vitundar eða samþykkis eða slíkt efni falsað eða því deilt án samþykkis. Mikilvægt er að hafa í huga fyrir þessa umfjöllun að á Íslandi er kynferðislegur lágmarksaldur 15 ára (almenn hegningarlög nr. 19/1940). Allar kynferðislegar athafnir sem beinast gegn barni yngri en 15 ára má því skilgreina sem kynferðisofbeldi gegn barni, sama hvort barnið hafi veitt samþykki eða ekki. Undir þetta falla þó ekki þau tilvik þegar jafnaldrar undir 15 ára ákveða að stunda kynlíf og samþykki og mörk eru virt (Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011). Nýlega var þó lagt fram til nýtt frumvarp til laga sem miðaði að því að hækka kynferðislegan lágmarksaldur upp í 18 ára (þingskjal nr. 35/2022-2023).

Þó birtingarmyndir kynferðisofbeldis geti verið margvíslegar þá er slíkt ofbeldi í grunninn sýnilegt kynferðislega hegðun meints geranda sem er óviðeigandi, óumbeðin og er í óþökk þolandans. Ekki er hægt að fjalla um kynferðisofbeldi án þess að beina sjónum að gerendum þess. Ýmsar rannsóknir og töluleg gögn hafa komið fram sem varpa ljósi á hverjir gerendur kynferðisofbeldis eru og hvaða lífsreynsla eða viðhorf gerir það að verkum að þeir telji það ásættanlegt að beita slíku ofbeldi.

### **1.2.1 Gerendur kynferðisofbeldis**

Gerendur kynferðisofbeldis eru oftast karlmenn og á það einnig við þegar ungmenni beita slíku ofbeldi (Campbell o.fl., 2021; Krahé o.fl., 2014). Hjá þeim þolendum sem leituðu til Stígamóta á tímabilinu 2013-2021 voru gerendur kynferðisofbeldisins í 94,4% tilfella karlmenn. Í flestum tilfellum er gerandi einhver sem þolandinn þekkir, kunningi, vinur, maki eða fjölskyldumeðlimur en í 70,5% tilfella greindu þeir þolendur sem til Stígamóta leituðu að gerandi væri tengdur þeim (Campbell o.fl., 2021; Gajmer, 2020; Stígamót, 2023).



Niðurstöður fjölda rannsókna benda til þess að gerendur kynferðisofbeldis verði ekki til í tómarúmi. Sýnt hefur verið fram á að þeir sem hafa orðið vitni af eða upplifað ofbeldi í æsku eru líklegri en aðrir til að beita kynferðisofbeldi (Costa o.fl., 2015; Duval o.fl., 2020; Jón Friðrik Sigurðsson o.fl., 2008; Mannell o.fl., 2022). Einnig eru tengsl milli þess að hafa þróað með sér skaðlegar karlmennskuhugmyndir og beitingu kynferðisofbeldis (Ray og Parkhill, 2023). Þeir sem viðurkenna að hafa beitt kynferðisofbeldi um ævina gangast einnig við slíkum skaðlegum karlmennskuhugmyndum eins og kvenfyrirlitningu, að hafa ranghugmyndir um kynferðisofbeldi, stunda skaðleg samskipti við konur og hafa eitrað viðhorf til kynlífs (Katrín Ólafsdóttir og Anndís Greta Rúdólfsdóttir, 2022; Hales og Gannon, 2022). Ætla má að þessi viðhorf til kvenna mótist í félagslegum samskiptum (Flood o.fl., 2022). Karlmenn eru líklegri til að þróa með sér slík viðhorf ef þeir tilheyra félagslegu umhverfi sem meta mikils völd karlmanns, hörku, yfirburði og yfirstöðu hans og eins ef þeir tilheyra jafningjahópi sem samþykkir þessi viðhorf (Ray og Parkhill, 2023; Spencer o.fl., 2023; Steele o.fl., 2022).

Vísbendingar eru um að margir gerendur kynferðisofbeldis beita slíku ofbeldi fyrst þegar þeir eru ungmenni eða ungir menn (Flood o.fl., 2022). Hér á landi voru 23% meintra gerenda sem tilkynntir voru til lögreglu á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 vegna gruns um kynferðisbrot yngri er 25 ára (Ríkislögreglustjóri, 2023). Í tölum Stígamóta kemur fram að 65,6% gerenda voru yngri en 35 ára þegar þeir beittu ofbeldinu (Stígamót, 2023). Að mati Stígamóta verður að teljast líklegt að þeir sem beita kynferðisofbeldi ungir muni halda því áfram ef þeir þurfa ekki að taka afleiðingum gjörða sinna. Mikilvægt er því að bregðast við með aldursviðeigandi úrræðum og viðeigandi stuðningi (Stígamót, 2023). Með slíkum úrræðum er hægt að minnka líkurnar á að ungir gerendur kynferðisofbeldis beiti aftur slíku ofbeldi (Ter Beek o.fl., 2018; Tyler o.fl., 2021).

Ætla má út frá þessari umfjöllun að innan veggja framhaldsskólanna hér á landi sé að finna unga gerendur sem þurfa stuðning, ráðgjöf og viðeigandi úrræði til að láta af hegðun sinni. Eftir sitja þolendur kynferðisofbeldisins sem glíma við erfiðar tilfinningar og afleiðingar sem koma fram í kjölfarið á ofbeldinu. Afleiðingar sem hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra, líðan, hegðun og einnig á nám þeirra og framtíð.

### 1.2.2 Afleiðingar kynferðisofbeldis á þolendur þess

Þolendur kynferðisofbeldis upplifa gjarnan kvíða, þunglyndi, félagslega einangrun, ótta og vantraust á öðrum í kjölfarið á ofbeldinu. Þeir eru líklegri til að misnota áfengi og fíkniefni og sjálfsvígshugsanir og sjálfskaðahæðun koma gjarnan fram (Dworkin o.fl., 2017; Suhita o.fl., 2021). Þolendur eru líklegri til að hafa slaka sjálfsmýnd og slakt sjálfstraust, upplifa skömm og sjálfsásökun, hafa minni seiglu og stunda neikvætt sjálfstal (Okunlola o.fl., 2019). Yfir 80% þolenda sem leituðu til Stígamóta árið 2022 upplifðu slíkt sem afleiðingu þess kynferðisofbeldis sem þeir urðu fyrir. Eins lýstu um 70% þolenda að þeir upplifðu tilfinningalegan doða, sektarkennd, einangrun og erfiðleika við einbeitingu sem afleiðingu af ofbeldinu og um 40% þolenda nefndu að eftir ofbeldið hefðu sjálfsvígshugleiðingar komið fram (Stígamót, 2022). Einnig eru vísbendingar um að þolendur séu líklegri til að greinast með geðsjúkdóma eins og þunglyndi, kvíðaraskanir, áfallastreituröskun, átraskanir og árátta- og þráhyggjuraskanir á lífsævinni (Dworkin, 2020).

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að þessar afleiðingar sem þolendur kynferðisofbeldis upplifa geta verið samtvinnnaðar í líf þeirra og haft neikvæð áhrif á ýmsa aðra þætti, þar á meðal skólagöngu og getu til að stunda nám. Námsárangur þolenda verður verri, skólaforðun algengari og þeir eru líklegri til að segjast eiga í námserfiðleikum. Auk þess eru þolendur líklegri til að hætta í námi og útskrifast síður (Fry o.fl., 2018; Molstad o.fl., 2023). Í rannsókn á reynslu íslenskra kvenna af kynferðisofbeldi í nánú sambandi á unglingsárum kom fram að sú félagslega einangrun sem átti sér stað í kjölfarið á kynferðisofbeldinu ásamt aukningu á kvíða og þunglyndi olli því að þolendur áttu í erfiðleikum með að einbeita sér að náminu og mæta í skólann. Helmingur þeirra hætti í námi í kjölfarið á kynferðisofbeldinu. Niðurstöðurnar benda til að kynferðisofbeldi geti því átt þátt í brotthvarfi nemenda í íslenskum framhaldsskólum (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017).

Þolendur kynferðisofbeldis glíma því við margvíslegar og erfiðar afleiðingar sem fram geta komið í kjölfar þess ofbeldis sem þeir urðu fyrir. Ofbeldið hefur ekki bara áhrif á líðan þeirra og sjálfsmýnd heldur einnig á framtíð þeirra og getu til að stunda nám. Það er því til mikils að vinna fyrir skóla og samfélagið allt að tryggja öruggt skólaumhverfi og viðeigandi viðbrögð ef slík mál koma upp.

### 1.3 Hlutverk og skyldur framhaldsskólanna og starfsfólks þeirra

Á Íslandi er litið á menntun sem sjálfsgöð mannréttindi sem öll börn eiga rétt á að njóta í öruggu skólaumhverfi (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2015; lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum 326/2016; stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Börn verja stórum hluta barnæskunnar innan veggja skólanna enda skólaskylda á Íslandi til 16 ára aldurs (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Eftir skólaskyldu velja mörg börn að hefja nám í framhaldsskóla og í ljósi laga um fræðsluskyldu eiga öll börn rétt á menntun til 18 ára aldurs (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Framhaldsskólar eru ólíkir öðrum menntastofnunum að því leyti að þeir nemendur sem þar stunda nám geta verið bæði börn samkvæmt lögum, þá yngri en 18 ára, en einnig fullorðnir einstaklingar (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Lagalegar skyldur og hlutverk skólanna geta því verið ólíkar eftir því um hvorn hópinn ræðir. Mikilvægt er að hafa það í huga í þeirri umfjöllun sem á eftir kemur en hér er lögð áhersla á þá nemendur sem enn teljast börn samkvæmt lögum þó eitthvað eigi við um báða hópana.

Hlutverk framhaldsskóla hér á landi er að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þeim er ætlað að efla meðal annars siðferðisvitund nemenda sinna, ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og sjálfstraust þeirra. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda og þannig undirbúa þá undir þátttöku í atvinnulífi eða gera þá færa til að sækja sér frekari menntunar (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Framhaldsskóli er vinnustaður nemenda og eiga framhaldsskólar að haga störfum sínum á þann veg að velferð og farsæld nemenda sé höfð að leiðarljósi svo þeir finni til öryggis og njóti hæfileika sinna (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Starfsfólki skólanna ber að stuðla markvisst að velferð og farsæld allra nemenda og leggja sig fram við að tryggja þeim menntun, öryggi, vellíðan og vinnufrið svo þeir geti notið skólagöngu sinnar og náð árangri í námi (reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016; lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Samkvæmt menntastefnu stjórnvalda ber samfélaginu öllu skylda til að hlúa sem best að velferð barna og ungmenna og tryggja öllum tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum innan menntakerfisins. Þar er einnig ítrekað mikilvægi þess að fylgst sé með líðan allra nemenda og að brugðist sé skjótt við með viðeigandi aðgerðum í samvinnu við

heimili, skóla og aðra fagaðila þegar vísbendingar koma fram um vanlíðan nemenda eða ofbeldi af einhverju tagi (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022). Starfsfólki skólanna er ætlað að taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum nemenda, undir 18 ára, sé ekki mætt og bregðast við á skilvirkan hátt. Meta hvort þörf sé á þjónustu með það að marki að tryggja þeim viðeigandi stuðning eða kennslu og námsaðstoð við hæfi (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) ítreka þessa skyldu. Tilgangur þeirra er að stuðla að farsæld allra barna með því að tryggja að börn fái rétta aðstoð, á réttum tíma og frá réttum aðilum ef á þarf á að halda og koma í veg fyrir að þau séu send á milli ólíkra stofnanna til að sækja sér þjónustu. Þau eiga því að mynda nokkurs konar brú á milli stuðningsúrræða skólanna og annarra stofnanna.

Af þessu má sjá að framhaldsskólum á Íslandi, náms- og starfsráðgjöfum sem þar starfa ásamt öðru starfsfólki ber rík skylda til að tryggja að allir nemendur geti stundað nám sitt og stuðlað sé að farsæld og vellíðan þeirra. Þeim er ætlað að fylgjast með líðan nemanda sinna og bregðast við með viðeigandi úrræðum ef þörf er á. Þegar grunur vaknar um að kynferðisofbeldi hafi átt sér stað innan skólanna eða nemendur hans orðið fyrir slíku ofbeldi ber framhaldsskólanum því að bregðast við með fullnægjandi hætti.

### **1.3.1 Hlutverk og viðbrögð framhaldsskóla í kynferðisofbeldismálum**

Öll börn og ungmenni eiga rétt á vernd og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar meðal annars innan framhaldsskólanna til að tryggja þeim vernd gegn hvers kyns ofbeldi (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/1992; stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Þeim á ekki að stafa ógn af andlegu, líkamlegu, kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi innan skólanna og ber öllum framhaldsskólum skylda til að setja sér heildstæða stefnu og gera sérstakar ráðstafanir til að fyrirbyggja og bregðast við slíku ofbeldi (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2015; lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020; Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016). Starfsfólk sem starfar innan skóla er ætlað að taka afstöðu gegn öllum gerðum ofbeldis í skólanum og bregðast við ef slík mál koma upp (reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016). Ef grunur leikur á að nemandi undir

18 ára hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi ber framhaldsskólum því að bregðast rétt við í samræmi við lög og reglur. Meðal annars með því að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda (barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr). Eins eiga framhaldsskólar að gæta þess að nemandi sé ekki látinn gjalda fyrir það að hafa kært slíkt ofbeldi (lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020).

Fram kom á ráðstefnu Stígamóta að hlutverk skólanna í kynferðisofbeldismálum sé ekki að sanna að slíkt ofbeldi hafi átt sér stað og viðbrögð þeirra geta því ekki byggst á því sem vitað er með vissu. Þar kom einnig fram að mikilvægt sé að alltaf sé brugðist við þegar nemandi greinir frá kynferðisofbeldi og áhersla sé lögð á að þolanda sé trúað og öryggi hans tryggt (Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, 2023). Þau viðbrögð sem þolandi kynferðisofbeldis fær þegar hann er reiðubúinn til segja frá ofbeldinu og leita sér aðstoðar getur haft áhrif á líðan hans eftir ofbeldið og jafnvel framtíð. Þolendur sem upplifa neikvæð viðbrögð eru líklegri til að hafa fleiri einkenni sálfræðilegs vanda, kenna sjálfum sér um ofbeldið og grípa frekar til slæmra bjargráða eins og áhættuhegðunar eða áfengisneyslu (Ullman, 2023a). Neikvæð viðbrögð geta falið í sér að þolanda sé kennt um ofbeldið, að komið sé öðruvísi fram við hann eða reynt sé að stjórna ákvörðunum hans eða vali að einhverju leyti (Ullman, 2023b). Að mati þolenda fela jákvæð og hjálpleg viðbrögð í sér að þeim sé sýndur stuðningur, hlustað sé á frásögn þeirra með einlægum áhuga, tekið er fram að þeim sé trúað og að þetta sé ekki þeim að kenna (Kirkner o.fl., 2021; Ullman 2023b). Það er því mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar ásamt öðru skólastarfsfólki bregðist við með viðeigandi hætti þegar þolandi greinir frá því kynferðisofbeldi sem hann varð fyrir.

Viðbrögð og skyldur skólanna í kynferðisofbeldismálum snúa þó ekki eingöngu að þolendum heldur þarf einnig að huga að meintum gerendum þegar það á við. Fram kemur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að þegar ráðstafanir eru gerðar sem varða börn þá skuli ávallt hafa það sem er þeim fyrir bestu í forgrunni og á það einnig við um börn sem brjóta af sér (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.19/2013). Í skólareglum framhaldsskólanna, sem öllum skólum er skylt að setja sér, er kveðið á um hegðun nemenda, samskipti, meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Ef í ljós kemur að nemandi hafi sýnt af sér óæskilega hegðun er skólanum ætlað að nýta úrræði sín til að koma skólagöngu hans í viðeigandi horf og

stuðla að áframhaldandi menntun hans, alhliða þroska og velferð. Þegar kemur að vali á viðurlögum eiga skólar ávallt að velja vægasta úrræðið sem hentar til að ná fram settu markmiði. Skólunum er ætlað að velja markviss viðbrögð sem stuðla að bættri hegðun nemenda og miða að því að styrkja sjálfsmynd, bæði þeirra sem brjóta af sér og þeirra sem brotið er á (reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016).

Skólar hafa heimild til að vísa nemanda sem brotið hefur skólareglur tímabundið eða ótímabundið úr einstökum áföngum eða úr skóla. Hins vegar þegar ákvörðun um slíkt er tekin er skólunum gert að gæta að meginreglum stjórnsluréttar. Í því felst að nemandi, sem vísa á úr skóla, hefur rétt til að andmæla ákvörðun skólameistara og á að fá tækifæri til að tjá sig um efni máls. Hann á rétt á aðgengi að skjölum og öðrum gögnum er málið varðar og takmarkar þagnarskylda ekki skyldu þess að veita aðgang að gögnum. Skólar skulu gæta að jafnræði við úrlausn slíkra mála og meðalhófs. Eins ber skólameistara að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun um brottrekstur úr skóla er tekin. Nemandi sem hefur verið rekinn úr skólanum vegna brota á skólareglum hefur einnig rétt til þess að kæra ákvörðun skólameistara til menntamálaráðuneytisins (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016; stjórnslulög nr. 30/1993).

Þegar kynferðisofbeldismál koma upp ber framhaldsskólum því að gæta hagsmuna bæði þolanda og meints geranda. Skólanum ber skylda til að tryggja farsæld og rétt þolanda kynferðisofbeldis á öruggu skólaumhverfi og að honum stafi ekki ógn af áframhaldandi kynferðisofbeldi (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021; Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016). Eins ber skólunum að gæta þess að þolandi sé ekki látinn gjalda fyrir að hafa kært ofbeldið (lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020). Skólanum er þó einnig ætlað að tryggja farsæld og réttindi meints geranda og við val á viðbrögðum vegna brotsins að vægasta úrræðið sem hentar sé ávallt valið. Ef brottrekstur úr skóla eru þau viðbrögð sem skólinn telur að henti best ber honum þó að gæta að meginreglum stjórnsluréttar (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016; stjórnslulög nr. 30/1993). Það getur því verið vandasamt fyrir skólana að taka ákvörðun

um hvaða viðbrögð séu viðeigandi þegar grunur leikur á að kynferðisofbeldi hafi átt sér stað meðal nemenda í skólanum.

### 1.3.2 Rannsóknarspurningar

Eins og fram hefur komið eru vísbendingar um að náms- og starfsráðgjafar hafi aðkomu að vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Þeim eru falin margvísleg hlutverk í viðbragðsáætlunum skólanna er snúa að kynferðisofbeldi og sjá meðal annars um að taka á móti þeim nemendum sem að slíkum málum koma. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu þegar kynferðisofbeldismál koma upp innan framhaldsskólanna. Áhersla var lögð á að kanna hvaða verkefnum þeir sinna í tengslum við slík mál, hversu reiðubúnir þeir telja sig vera til að takast á við þau ásamt því að heyra hvernig þeir upplifa að þessi verkefni samræmist störfum náms- og starfsráðgjafa. Í ljósi þeirrar gagnrýni sem framhaldsskólar á Íslandi hafa fengið er varða viðbrögð þeirra við kynferðisofbeldismálum var markmið rannsóknarinnar einnig að kanna upplifun náms- og starfsráðgjafa af viðbragðsáætlunum skóla er varða slík mál ásamt því að skoða hvort og þá hvaða áskoranir verða á vegi þeirra í þessum málaflokki.

Í ljósi fræðilegrar umfjöllunar og markmiða rannsóknar voru eftirfarandi rannsóknarspurningar settar fram:

- Hver er upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum af hlutverki sínu við vinnslu kynferðisofbeldismála?
- Hverjar eru helstu áskoranirnar sem verða á vegi náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum við vinnslu kynferðisofbeldismála?
- Hver er upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum af viðbragðsáætlunum sem skólar vinna eftir er varða kynferðisofbeldi?

## 2 Aðferð

Við framkvæmd rannsóknar var eigindleg aðferðafræði notuð (e. *qualitative research methods*). Slík rannsóknaraðferð þykir gagnleg þegar markmið rannsóknar er að öðlast innsýn í upplifun einstaklinga í sínu umhverfi (Hennink o.fl., 2020). Þar sem markmið þessarar rannsóknar var að kanna upplifun náms- og starfsráðgjafa meðal annars af hlutverki sínu við úrvinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna var þessi nálgun talin henta vel.

Tekin voru opin einstaklingsviðtöl (e. *in-depth interview*) við starfandi náms- og starfsráðgjafa til að afla gagna. Slík viðtöl veita viðmælendum tækifæri til að deila reynslu sinni, upplifun og tilfinningum af þeim málefnum sem rannsóknin snýr að út frá því samhengi sem þeir starfa í (Hennink o.fl., 2020; Taylor o.fl., 2016). Opin viðtöl gagnast því sérlega vel þegar rannsóknarefnið snýr að viðkvæmum og erfiðum málefnum og þörf er á aukinni nánd og vernd á persónuupplýsingum, eins og á við í þessari rannsókn. Í viðtölunum var viðtalsrammi (e. *semi-structured interview guide*) notaður með það að markmiðið að öðlast skilning á þeim málefnum sem rannsóknin snýr að út frá sjónarhorni viðmælenda (Hennink o.fl., 2020; Taylor o.fl., 2016). Viðtalsrammar eru leiðbeinandi og innihalda lista af atriðum sem fjalla á um í viðtalinu. Ekki er óalgengt að viðtalsrammar taki breytingum þegar gagnaöflun og greining þeirra á sér stað og ný þemu koma fram í viðtalsgögnunum (Taylor o.fl., 2016). Einhverjar breytingar voru gerðar á viðtalsrammanum á meðan rannsókn fór fram en lokaútgáfu hans má sjá í viðauka eitt.

### 2.1 Þátttakendur

Við val á viðmælendum var markmiðsúrtaki (e. *purposeful sampling*) beitt. Í því felst að viðmælendur voru valdir með það að markmiði að þeir gætu veitt greinargóðar upplýsingar og skilning um rannsóknarefnið (Hennink o.fl., 2020). Þessi úrtaksaðferð var valin þar sem verið var að skoða upplifun náms- og starfsráðgjafa á tilteknum vettvangi og því mikilvægt að ná til einstaklinga sem uppfylla þau skilyrði. Lögð var áhersla á að viðmælendur væru með lögverndað starfsheiti sem náms- og starfsráðgjafar og hefðu starfað sem slíkir í íslenskum framhaldsskóla síðustu tvö ár hið minnsta. Þótti mikilvægt



að viðmælendur hefðu starfað í nokkurn tíma svo þeir hefðu öðlast reynslu við úrvinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Ekki var horft til kyns, aldurs, búsetu eða annarra breyta við valið.

Í ljósi þess að þýði viðmælenda var ekki stórt og viðfangsefni rannsóknar viðkvæmt var sérlega mikilvægt að gæta vel að persónuvernd viðmælenda (Hennink o.fl., 2020; siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Í því skyni var öllum persónugreinanlegum upplýsingum eytt við afritun gagna, allir viðmælendur fengu dulnefni og högum þeirra og kennileitum var breytt. Viðmælendur voru á aldrinum 35-65 ára, fimm þeirra störfuðu í skólum á höfuðborgarsvæðinu en þrír í skólum á landsbyggðinni. Viðmælendur voru allir menntaðir náms- og starfsráðgjafar og höfðu a.m.k. tveggja ára reynslu af því að starfa innan framhaldsskólanna. Sumir höfðu einnig starfað sem slíkur á öðrum vettvangi. Dulnefni viðmælenda voru:

Æsa, er með þriggja ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Elín, er með 17 ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Eva, er með 20 ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Hanna, er með 16 ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Lína, er með átta ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Ólöf, er með 30 ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Páll, er með 13 ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

Póra, er með 13 ára starfsreynslu sem náms- og starfsráðgjafi.

## 2.2 Framkvæmd rannsókna

Undirbúningur fyrir rannsóknina hófst haustið 2023. Í undirbúningsferlinu var samþykki fyrir rannsóknarefni fengið frá leiðbeinanda og rannsóknarspurningar mótaðar. Í framhaldi af því var kynningarbréf útbúið og sent á vinnunetfang allra starfandi náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum á Íslandi (viðauki 2). Í kynningarbréfinu var farið stuttlega yfir rannsóknarmarkmið og óskað var eftir þátttöku. Því næst var viðtalsrammi mótaður ásamt því að eyðublað um upplýst samþykki þátttakenda var útbúið (viðauki 3). Í upphafi hvers viðtals kynnti rannsakandinn sig og spjallaði við viðmælenda á léttum nótum með það að markmiði að skapa sem eðlilegastar aðstæður fyrir viðtalið og mynda

tengsl við viðmælenda. Því næst var farið yfir rannsóknarmarkmið og hvernig hugað yrði að persónuvernd viðmælenda og rétt þeirra til að hætta þátttöku ef þeir kysu það (siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Viðmælendur skrifuðu svo undir eyðublað um upplýst samþykki.

Þegar formlegt viðtal hófst var byrjað að spyrja um bakgrunn viðmælenda og starfsreynslu þeirra. Í framhaldi af því voru viðmælendur beðnir um að lýsa aðkomu sinni að kynferðisofbeldismálum innan skólanna, lýsa hvar áherslur þeirra liggja og upplifun þeirra af hlutverki sínu og ábyrgð í úrvinnslu slíkra mála. Ásamt því að upplifun þeirra af viðbragðsáætlunum skólanna og þeim áskorunum sem verða á vegi þeirra þegar upp koma slík mál var rædd. Reynt var að láta samtalið milli rannsakanda og viðmælenda flæða áreynslulaust og var viðtalsramminn notaður eins og fyrr segir til stuðnings. Áhersla var lögð á að sýna frásögn viðmælenda einlæga athygli með virkri hlustun og forðast var að láta viðhorf rannsakanda eða gildi hafa áhrif á frásögnina. Þetta þótti mikilvægt svo að viðmælendur upplifðu aðstæðurnar öruggar til að deila reynslu sinni og upplifun (Taylor o.fl., 2016). Að lokum þakkaði rannsakandi viðmælendum fyrir að gefa sér tíma fyrir viðtalið.

### 2.3 Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtöl fóru fram, ýmist í gegnum TEAMS, á starfsstöðvum viðmælenda eða rannsakanda. Öll viðtöl voru hljóðrituð á síma rannsakanda eða tekin upp í gegnum TEAMS með leyfi viðmælenda. Allar upptökur voru geymdar á læstu svæði í tölvu rannsakanda á meðan úrvinnsla gagna fór fram eins og siðareglur háskólanna kveða á um (siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Viðtölin voru svo afrituð eins fljótt og koma mátti við og skráðar niður athugasemdir rannsakanda svo hægt væri að bera kennsl á mikilvæg atriði sem gott væri að fylgja eftir í næstu viðtölum. Aðferð grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*) var notuð til að greina viðtölin en í henni felst að hugtök, tilgátur og kenningar eru dregnar af þeim gögnum sem viðtölin veita en ekki fyrri ályktunum, kenningum eða rannsóknnum (Hennink o.fl., 2020; Snæfríður Þóra Egilson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2021; Taylor o.fl., 2016). Þessi aðferð var talin henta vel þar sem áhersla rannsókna lá í upplifun viðmælenda en ekki fyrri hugmyndum rannsakanda eða öðrum fyrri rannsóknum.

Gögnin voru kóðuð fyrst með opinni kóðun (e. *open coding*) með það að markmiði að bera kennsl á ólík efnisatriði, hugtök og álitamál. Þá var viðtal lesið línu fyrir línu og áhugaverð opin kóð skráð til hliðar á spássíu viðtalsins. Unnið var svo áfram með þessi gögn og þau kóðuð upp á nýtt með markvissri kóðun (e. *selective coding*). Þá voru opnu kóðin borin saman í hverju viðtali fyrir sig og flokkuð í töflu svo hægt væri betur að átta sig á megininnihaldi, efnisatriðum og helstu álitamálum. Hvert markvisst kóð fékk lýsandi heiti. Því næst voru markvissu kóðin úr hverju viðtali fyrir sig borin saman og kennsl borin á þau megin- og undirþemu sem birtust í gögnunum. Í lokin á greiningu var öllum upptökum eytt.

## 2.4 Siðferðislegir þættir

Þar sem traust og trúnaður milli rannsakanda og viðmælenda er undirstaðan í eigindlegum rannsóknum þótti mikilvægt að viðmælendur tæki sjálfir meðvitaða ákvörðun um þátttöku og hefðu til þess nægjanlegar upplýsingar um viðfangsefni og tilgang rannsóknar (Hennink o.fl., 2020; siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Allir viðmælendur skrifuðu því undir upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni þar sem farið var vel yfir tilgang og framkvæmd hennar, rétt þeirra til að hætta eða neita þátttöku á hvaða tímapunkti sem er og hvernig huga átti að persónuvernd viðmælenda (siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Í ljósi þess að þýði viðmælenda var ekki stórt og viðfangsefni rannsóknar viðkvæmt var sérlega mikilvægt að gæta vel að persónuvernd viðmælenda og huga að því að þátttaka hefði ekki neikvæð áhrif á orðspor, starf og velferð þeirra (Hennink o.fl., 2020; siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Í því skyni var öllum persónugreinanlegum upplýsingum eytt við afritun gagna. Eins var viðmælendum gert ljóst að ef mál nemenda yrðu rædd með það að markmiði að skýra reynslu eða upplifun viðmælenda þá yrði öllum persónugreinanlegum einkennum nemenda í afritun eytt.

Hafa þurft einnig í huga að umfjöllunarefni rannsóknarinnar er viðkvæmt og möguleiki var á að viðmælendur rannsóknarinnar hefðu persónulega reynslu af því að vera þolendur eða meintir gerendur kynferðisofbeldis og að umræðan gæti rifjað upp sára reynslu þeirra (siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020). Það var því mikilvægt að gæta þess að halda viðtalinu utan slíkra áhættusvæða en einnig að vera á verði ef viðtalið stefndi í þá átt. Reynt var eftir fremsta megni að halda viðtalinu utan slíkra áhættusvæða en þegar

Það kom upp var brugðist við með fyrir fram ákveðinni áætlun. Viðmælanda var þá þakkað fyrir að deila reynslu sinni og kannað hvort hann væri reiðubúinn að halda áfram og hann minntur á rétt sinn til að hætta þátttöku ef hann kysi að gera það (siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir, 2020; Sigurður Kristinsson, 2013).

Í eigindlegum rannsóknum eins og þessari er rannsakandinn helsta mælitækið. Það er hann sem bæði miðlar og skapar þá þekkingu sem fæst með rannsókninni. Það er því mikilvægt að áhersla sé lögð á upplifun og reynslu viðmælanda á þeim viðfangsefnum sem rannsóknin snýr að en ekki á eigin hugmyndir rannsakanda (Hennink o.fl., 2020). Þar sem rannsakandi hefur gegnt stöðu náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskóla í nokkur ár hefur hann reynslu af vinnslu kynferðisofbeldismála. Eðlilega hafa því mótast ýmsar hugmyndir um framvindu slíkra mála og þau álitamál og áskoranir sem upp geta komið. Það var því sérlega áriðandi að meðvitund um þessa staðreynd hafi verið til staðar þegar kom að því að greina og túlka niðurstöður rannsóknar. Eins þar sem starfsstétt þessi er ekki stór þá hefur rannsakandi átt í samstarfi við einhverja viðmælendur áður. Því var mikilvægt að skilgreina stöðu hans sem rannsakanda í þessum viðtölum vel bæði fyrir honum sjálfum sem og viðmælendum (Snæfríður Þóra Egilson, 2006). Hins vegar hefur það að vera kunnugur þeim starfsvettvangi sem rannsóknin sneri að einnig ákveðna kosti. Auðveldara var að tengjast reynsluheimi viðmælanda og fylgja eftir svörum þeirra með nánari spurningum út í viðfangsefni rannsóknarinnar. Það er von rannsakanda að þannig hafi ítarlegri svör hafi fengist.

### 3 Niðurstöður

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að öðlast innsýn í upplifun náms- og starfsráðgjafa af aðkomu sinni þegar mál tengd kynferðisofbeldi lenda á þeirra borði. Kanna hvaða hlutverki þeir gegna og hversu reiðubúnir þeir upplifa sig til að sinna því. Eins að heyra hvernig þeir upplifa að hlutverk sitt samræmist störfum náms- og starfsráðgjafa. Markmið rannsóknar var einnig að kanna upplifun þeirra af þeim viðbragðsáætlunum sem skólar nýta í slíkum málum og helstu áskorunum sem verða á vegi þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála. Við yfirllestur viðtala komu fram ákveðnir snertifletir sem oft voru sameiginlegir öllum viðmælendum. Þessir sameiginlegu snertifletir þróuðust í þau þrjú meginþemu sem fjallað verður um hér.

Fyrsta meginþemað ber heitið: *Að taka við keflinu - upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu við vinnslu kynferðisofbeldismála*. Því er ætlað að svara fyrstu rannsóknarspurningunni sem lögð var til grundvallar í þessari rannsókn og snéri að því að kanna hver upplifun náms- og starfsráðgjafa var af hlutverki sínu við vinnslu kynferðisofbeldismála. Þemað inniheldur fjögur undirþemu sem lýsa hlutverki og áherslum náms- og starfsráðgjafa í málaflokknum eins og þau birtast viðmælendum sem og upplifun þeirra af aðkomu sinni við vinnslu slíkra mála.

Annað meginþemað ber heitið: *Þetta er flókið – áskoranir við vinnslu kynferðisofbeldismála*. Því er ætlað að svara rannsóknarspurningu tvö þar sem velt er upp helstu áskorunum sem verða á vegi náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála. Þemað inniheldur þrjú undirþemu sem fjalla um þær ólíku áskoranir sem verða á vegi viðmælenda, áskoranir sem ýmist eru að siðfræðilegum toga eða tengjast hindrunum við vinnslu málanna.

Þriðja þemað ber heitið: *Viðbragðsáætlanir skólanna – ávinningur og vankantar*. Það tekur fyrir þriðju og síðustu rannsóknarspurninguna sem sett var fram fyrir þessa rannsókn og snýr að upplifun náms- og starfsráðgjafa af viðbragðsáætlunum skólanna. Þemað inniheldur eitt undirþema þar sem fjallað verður um upplifun viðmælenda af

ávinningi þess að hafa slíkar áætlanir en einnig á þeim vanköntum sem þeir upplifa að þær hafi.

### **3.1 Að taka við keflinu – upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu við vinnslu kynferðisofbeldismála**

Viðmælendur eru sammála um að hlutverk þeirra þegar kynferðisofbeldismál koma upp felist meðal annars í því að upplýsa þolendur um hvaða leiðir eru færar bæði innan veggja skólans og utan hans. Lína segist leggja áherslu á að þolandi upplifi að hann þurfi ekki að burðast með þessa reynslu einn og að hann viti að hún verði til staðar til að finna út úr næstu skrefum með honum. Æsa er á sama máli og segir að hlutverk sitt í þessum málum felist í því að taka við keflinu:

Mér finnst þetta vera aðallega bara svolítið dálítið, þúst þetta að taka við keflinu sko að taka við þessu og fara með þetta eitthvert áfram. Það er oft svona það sem að þeim vantar hefur mér fundist, að þau svona upplifa sig svona dálítið eins og þau viti ekki hvað þau eigi að gera. Maður getur svona bent þeim á hvað er hægt að gera.

Elín segir að oft viti þolendur ekki hvert eigi að leita eftir að kynferðisofbeldi á sér stað og þá sé gott að koma til náms- og starfsráðgjafa því hann getur vísað veginn. Viðmælendur eru því sammála um að sitt hlutverk felist í að koma málunum í viðeigandi farveg innan skólans, til dæmis með því að virkja viðbragðsáætlun hans ásamt því að koma málunum til viðeigandi fagaðila eins og félagsmálayfirvalda ef þolendur eru yngri en 18 ára eða benda þeim sem eldri eru á aðra fagaðila eins og lögregluna, neyðarmóttöku, sálfræðinga eða annarra aðila sem henta.

Viðmælendur leggja áherslu á að upplýsa þolendur kynferðisofbeldis sem til þeirra leita að náms- og starfsráðgjafar eru ekki sérfræðingar né meðferðaraðilar í kynferðisofbeldismálum og því þurfi utanaðkomandi aðstoð fagaðila til að vinna úr áfallinu. Eva segir að hún reyni að beina málum til sérfræðinga eins og sálfræðinga eða geðlækna eða einhverra annarra sem eru betur til þess fallnir en náms- og starfsráðgjafar til að sinna áfallahjálp. Nokkrir viðmælendur lýstu því þó að þolendur eru misvel í stakk búnir til að sækja sér þessa aðstoð og því hafi þeir stundum þurft að stíga inn og hjálpað þeim. Hanna lýsir þessu á þennan hátt:

Við höfum farið með krakka við höfum farið með þau, við höfum gert alls konar. Við látum þau ekki hanga eins og maður segir þú veist af því að stundum upplifir maður að þau eru svo illa farin að þú segir ekkert: Hérna er símanúmer, hringdu. Þú bara ferð með þau.

Hanna segir einnig að það ekki hennar hlutverk að lækna eða laga heldur að greiða götu nemandans. Að hennar mati er það hlutverk náms- og starfsráðgjafa að finna leiðirnar svo að nemandi sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi geti stundað nám. Aðrir viðmælendur voru á sama máli. Þeir álíta að það sé sitt hlutverk að vera úrlausnaraðili sem vinnur að því að finna leiðir til að aðlaga skólaumhverfið ef þess þarf svo þolandi geti haldið áfram í námi sínu. Eva lýsir þessu svona:

Síðan er það þá þannig að við reynum þá bara að vera þessi sko úrlausnaraðilar varðandi það að þau fái að halda áfram þrátt fyrir að það t.d. gangi illa lengi og eiga þetta, hjálpa þeim að skipuleggja og jafnvel finna út úr því hvernig þau geta haldið áfram . . . En þetta er svona það sem við höfum svona gripið, við bara grípum bara hvern einstakling og reynum að styðja hann áfram í sínu námi ef hann vill halda áfram hérna.

Eva segir að nemendur komi stundum ekki og segi frá kynferðisofbeldinu fyrr en þeir eru komnir í vandræði með námið. Hún segir jafnframt að oft komi upp mikill kvíði og framtaksleysi hjá þessum nemendum og sjálfsmynd þeirra hefur skaðast. Það leiðir til þess að nemendur treysti sér ekki til að vinna verkefni sem liggja fyrir og þurfa því aukinn stuðning í námi og í sumum tilfellum tilslökun á mætingu.

Í viðtölunum segja viðmælendur frá margvíslegum úrræðum sem þeir nýta til að aðstoða þolendur svo þeir geti haldið áfram í námi sínu. Þeir segja að stundum henti það þeim að minnka álag í námi með því að fækka áföngum sem þeir eru skráðir í, en nefna þó að slíkt sé auðveldara að gera í skólum sem bjóða uppá áfangakerfi en í þeim þar sem bekkjakerfi er. Ólöf segir til dæmis að hjá þeim hafi náms- og starfsráðgjafar mikinn sveigjanleika til að minnka álagið í námi hjá þolendum, fækka áföngum, taka námshlé og jafnvel breyta stundatöflum ef þess þarf. Viðmælendur segja jafnframt að stundum færi þeir nemendur milli hópa ef meintur gerandi er nemandi í skólanum. Það sé gert til að reyna að koma í veg fyrir að þolandi og meintur gerandi hittist í tímum. Þeir segja hins vegar að erfitt sé að koma algjörlega í veg fyrir slíkt þar sem nemendur hittast einnig á öðrum stöðum innan skólans.

Viðmælendur eru sammála um að sitt hlutverk þegar kynferðisofbeldismál koma upp sé einnig að vera talsmenn þolenda þegar kemur að samskiptum við kennara og stjórnendur skólans. Eva segir að hún veiti þolendum tilslökun varðandi samskipti við kennara ef þeir treysta sér ekki til þess og að hún líti á sig sem milligöngumann eða talsmann þeirra til að aðstoða þá við að yfirstíga þessa erfiðleika. Ólöf lýsir þessu líka og kallar það að biðja um gott veður innan skólans. Hún lýsir ferlinu þannig:

Ég skrifa oft bréf til kennara með nemandanum þannig að hann sé sáttur við orðalag og svona og þá getum við verið að láta vita að það séu erfiðir tíma og og það gætu orðið sein verkefnaskil núna og hvort það sé hægt að sýna aukinn sveigjanleika og þá bara semjum við þau saman og sumir eru opnir og aðrir ekki og það hjálpar fá svolítið kennara í lið með sér.

Viðmælendur eru því sammála um að þeirra hlutverk er ekki eingöngu að taka við keflinu, upplýsa um næstu skref og koma málum til viðeigandi fagaðila. Heldur einnig að finna leiðir og hentug úrræði innan skólans svo þolendur treysti sér til að halda áfram námi sínu.

### **3.1.1 Að sýna þolendum virðingu og samkennd**

Viðmælendur eru sammála um að sitt hlutverk þegar kynferðisofbeldismál koma upp felist einnig í því að vera öruggt skjól fyrir þolanda innan skólans. Að vera sá aðili sem trúir og hlustar á upplifun þolandans af atburðinum með einlægum áhuga og skilningi. Nefna þeir allir að þeim þyki það hlutverk sérlega mikilvægt. Ólöf segir að þessi fyrstu viðbrögð séu svo mikilvæg og lýsir þessu þannig:

Þessi fyrstu viðbrögð sem eru svo mikilvæg að trúa og segja það og endurtaka að sagan sé rétt þá erum við líka að segja: Ég er að hlusta á hvert orð sem þú ert að segja mér.

Lína tekur í sama streng en bætir við að mikilvægt sé að dæma ekki þolenda og reyna að skapa rými í samskiptunum fyrir allskonar tilfinningar og upplifanir. Sumir viðmælendur nefna það sérstaklega að það sé einmitt upplifun þolenda af atvikinu sem skiptir máli en ekki formlegar skilgreiningar á kynferðisofbeldi. Nefnir Ólöf í því samhengi að sumir þolendur geta hrist einhvern atburð af sér og kallað það áreiti en aðrir upplifað erfiðar tilfinningar og að farið hafi verið inn á persónulegt svæði með grófum hætti. Eins líta viðmælendur á að meðal þeirra verkefna sé að gæta þess að þolandi sé ávallt upplýstur



um hvað sé búið að gera varðandi úrvinnslu málsins innan skólans og hvað sé fram undan. Gæta þess að hann viti að búið sé til dæmis að tala við geranda eða foreldra eða senda póst á félagsþjónustuna. Æsa segir:

Þau svona einhvern veginn bara viti, séu inni í málunum og viti hvað er í gangi. Viti hvað er að fara að gerast næst og það er líka hluti af þessu með kynferðisofbeldi og annað að tilkynningar og annað að þau viti hvaða ferli fer í gang, viti hvað er í gangi og viti hvað gerist næst.

Viðmælendur leggja áherslu á að það er þolandinn sem er við stjórnvölinn. Það er hann sem ákveður hvort og þá hvaða kennarar séu upplýstir um málið og hvaða úrræði hann vill nýta. Æsa segir að hún geri aldrei neitt nema með samþykki nemandans. Hún leggur áherslu á að bera undir nemanda hvað sé sagt og gert. Í þeim tilfellum þar sem nemendur eru ólögráða og henni er skylt að tilkynna vegna barnaverndarlaga gefur hún þolanda tækifæri til að segja sjálfur frá.

Viðmælendur nefna einnig að þeim þykir mikilvægt að fylgja þessum nemendum eftir á meðan þeir eru í námi og láta þá vita af sér og bjóða þeim að koma til sín ef þeir vilja. Hanna segist upplifa það sem sína mikilvægustu ábyrgð þegar kemur að þessum málum:

Það er svo mikilvægt að fylgja þeim eftir og vera alltaf tilbúin að kalla á þau reglulega þó þau séu, gefa því séns meina ég, má ekki bjóða þér að koma, nú ert langt síðan við hittumst síðast, er ekki kominn tími á spjall eitthvað svona. Þú veist ekki skikka þau en alltaf að láta þau vita að maður er ekki búinn að gleyma og láta þau vita maður er á tánum og þau viti að maður er að hugsa til þeirra kannski og því að ég held að það sé rosa vont að þú ferð einu sinni til námsráðgjafa svo bara gerist ekkert meir þá ertu bara búinn að fara og segja allt og svo gerist ekkert meir þannig að þessi eftirfylgni er kannski bara rosa mikilvægt.

Heyra má í orðum Hönnu að fyrir henni er mikilvægt að þolendur viti að hún sé að hugsa til þeirra og að henni sé annt um framhaldið í þeirra námi.

Að mati viðmælenda er mikilvægt að nemandi sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi upplifi gott viðmót þegar hann leitar til náms- og starfsráðgjafa með sína reynslu. Að hann finni að hann hafi öruggan og notalegan stað í skólanum til að leita á og pústa eins og Elín orðaði það. Stað þar sem að hann fær skilning á stöðu sinni og upplifir virðingu og samkennd. Viðmælendur eru sammála um að þeir gegna þar lykilhlutverki. Þeir segja jafnframt að þeir standi ekki einir og vinna þessi mál í góðu samstarfi við aðra aðila.

### 3.1.2 Samvinna

Allir viðmælendur lýsa að vinnsla kynferðisofbeldismála á sér stað í samstarfi við aðra aðila innan skólanna. Páll segir að hann standi aldrei einn með málin þar sem innan skólans hjá honum sé fagfólk sem hann getur kallað í ef þörf er á. Lína segir sömuleiðis að hún sé aldrei ein með þennan bolta eins og hún orðaði það og vinnur málin í samstarfi við annan aðila innan skólans. Flestir viðmælendur tala um að starfrækt séu teymi starfsmanna innan skólanna sem í sameiningu taka ákvarðanir um framvindu þessara mála. Oftast þegar um er að ræða stærri og erfiðari mál eins og þegar meintur gerandi er einnig nemandi í skólanum. Slík teymi bera ólík heiti eins og áfallateymi, ECCO teymi eða nemendaverndarráð. Hanna segir að ef þörf er á að taka stórar ákvarðanir varðandi kynferðisofbeldismál þá fer hún með málið í teymið svo hún þurfi ekki ein að bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar eru. Viðmælendur lýstu því einnig að sum málin eru þess eðlis að þörf er á utanaðkomandi aðstoð frá til dæmis lögfræðingum eða öðrum sérfræðingum.

Viðmælendur eru sammála um að mikilvægt sé að hafa einhvern til að ræða við þar sem kynferðisofbeldismál séu oftast þung og erfið mál. Eva upplifir að það séu ákveðin forréttindi að hafa fleiri en einn náms- og starfsráðgjafa starfandi í skólanum því það sé svo mikilvægt að fleiri komi að þessum málum. Ólöf tekur í sama streng og segir að þau sem starfa innan skólans hjá sér sem náms- og starfsráðgjafar fá handleiðslu hjá hvert öðru þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Þóra segir að það sé mikilvægt að fá handleiðslu utanaðkomandi aðila sem kemur með nýja sýn og er ekki í storminum eins og hún lýsir stöðunni þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Æsa hins vegar sem starfar ein í sínum skóla lýsir því í sínu viðtali að hún leitar sér handleiðslu og aðstoðar hjá félagsþjónustunni á sínu starfsvæði ef þörf er á.

### 3.1.3 Óhjákvæmilega það sem maður lendir í að sinna

Af máli viðmælenda má heyra að þeir upplifa sig ekki nógu vel undirbúna fyrir þessa hlið starfsins. Æsa segir að það fyrsta sem hún þurfti að gera þegar hún hóf störf var að sækja sér viðbótarmenntun þar sem hana skorti verkfæri og þekkingu á því hvernig ætti að bregðast við þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Elín segir að þrátt fyrir langa reynslu í starfi þá upplifi hún þekkingu sína í þessum málaflokki ekki nógu góða og hún vinni þessi mál bara með brjóstvitinu. Lína sömuleiðis segist upplifa aukna þörf fyrir endurmenntun

á þessu sviði. Hún veltir því líka fyrir sér hvort að náms- og starfsráðgjafar eigi að vera sinna þessum málum þó það sé einhvern veginn óhjákvæmilegt að þeir lendi í að sinna þeim:

Ég er alltaf einhvern veginn að finna hvað það er mikilvægara og mikilvægara, þúst þó svo í rauninni það sé alltaf einhvern veginn umræðan að þetta sé eitthvað sem við eigum kannski ekki endilega að vera að sinna, þúst við erum náms- og starfsráðgjafar en þetta er samt bara, þúst óhjákvæmilega það sem að maður lendir í og það skiptir ótrúlega miklu máli að vera hérna vel undir það búin.

Heyra má í orðum viðmælenda að þeir upplifa ákveðna óvissu og óöryggi þegar viðkemur þeirra hlutverki við vinnslu kynferðisofbeldismála. Elín segist upplifa sig vanmáttuga og óörugga þegar slík mál koma upp:

Mér finnst ég oft alveg mjög vanmáttug sko. Mér finnst ég oft ekki hafa neitt í höndunum eins og ég segi ég kann þetta ekki, ég þekki þetta ekki ég er ekki sérfræðingur í þessu, má bjóða þér áhugakönnun skilurðu. Ég er ekki, þetta er ekki mitt en maður gerir þetta.

Þóra segist einnig upplifa sig óörugga en einnig ráðþrota, sérstaklega þegar þessi mál voru sem mest í umræðunni fyrir rúmu ári síðan. Hún upplifir að það sé krafa frá samfélaginu að hún, sem náms- og starfsráðgjafi, hafi öll svörin og viti hvernig eigi að standa að því að leysa þessi mál innan skólanna. Hún segist upplifa íþyngjandi ábyrgð í þessum stærri málum, t.d. þegar þolandi og meintur gerandi eru báðir nemendur í skólanum:

Sko mér finnst ábyrgðin svona í stóru myndinni rosalega mikil að þetta eigi að vera bara einhvern veginn svoldið bara á okkar herðum. Mér fannst það svoldið upplifunin þú veist þegar að mikið hefur gengið á sko að, að við einhvern veginn eigum að bera þetta uppi námsráðgjafarnir, þú veist bara af því að þetta eru rosalega flókin mál.

Að hennar mati vantar stuðning og stýringu frá menntamálaráðuneytinu svo að hver og einn náms- og starfsráðgjafi sé ekki einn inn á sinni skrifstofu að reyna að leysa þann vanda sem kynferðisofbeldi innan framhaldsskólanna er.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að aðkoma þeirra að þessum málum samræmdist störfum þeirra eins og þau birtast í starfslýsingum og stefnumörkun stjórnvalda var svarið ávallt það sama. Viðmælendur voru sammála um að sem talsmenn nemanda sem ber að gæta að hagsmunum þeirra þá tilheyra þessi mál þeim að hluta en

ekki öllu leyti. Hanna nefnir að náms- og starfsráðgjafar þurfi svolítið að finna út hvar þeirra lína er í þessum málum og passa að fara ekki út fyrir þeirra svið.

### 3.1.4 Taka ekki afstöðu í kynferðisofbeldismálum

Viðmælendur eru sammála um að það er ekki þeirra hlutverk, né hlutverk skólans að taka afstöðu í kynferðisofbeldismálum. Æsa segir til dæmis að það sé ekki hennar að ákveða að trúa einum nemanda frekar en öðrum, heldur leggur hún áherslu á að finna út hvað hentar hverjum og einum. Viðmælendur nefna allir að hvorki þeir né skólinn fari með dómsvald eða rannsókn á málavöxtum þegar kynferðisofbeldi á sér stað meðal nemenda í skólanum. Þóra segir:

Af því að með því erum við að dæma í málinu þannig að hérna, mér finnst það ekki vera skólans það er dómstólanna þú veist mér finnst það bara þá erum við komin út á eitthvað rosalega bara mjög skríttinn stað ef að við ætlum að ákveða hver er sekur og hver er saklaus, bara út frá bara einhverju sem einhver segir sko, þannig að hérna það er mjög hættulegt.

Þeir nefna þó að oftast er þörf á að kanna málavöxtu að einhverju leyti með samtali við þá nemendur sem að málinu koma og jafnvel í sumum tilfellum við þá sem gætu varpað nýju ljósi á það sem átti sér stað eins og vini eða aðra sem gætu hafa orðið vitni að ofbeldinu. Elín segir að erfitt sé að komast eitthvað áfram með málið nema hafa einhverjar upplýsingar. Eva lýsir þessu á þennan hátt:

Þó ég sé ekki að rannsaka þá er þetta samt sem áður, þetta er svona eins og upplýsinga, þúst svona öflun án þess að maður sé eitthvað, þúst við erum ekki að rannsaka hvað gerðist, hvað sagðirðu, hvenær gerðist þetta og eitthvað svona en þú ert samt alltaf að því vegna þess að þú ert að reyna að ná þér í heildarmynd af einhverjum samskiptum. Til þess að kannski að ráðgjöfin þín sé ekki bara út í hróa, já án þess að maður sé kannski einhver dómari eða þúst maður á ekki að setja sig í eitthvað dómarasæti og úrskurða um hvað sé rétt og hvað sé rangt.

Heyra má á orðræðu viðmælenda að vandasamt er að finna hvar mörkin liggja. Æsa segir í því samhengi að henni þyki alltaf erfitt að meta hversu langt hún eigi að ganga í að kanna málavöxtu þegar svona kynferðisofbeldismál koma upp. Hvar línan milli eðlilegrar könnunar og þess að hún sé komin í einhvern lögguleik eins og hún orðaði það. Elín bendir þó á að í viðbragðsáætlunum skólanna er oft gert ráð fyrir einhvers konar rannsókn á málavöxtum og henni þykir erfitt að standa í því. Viðmælendur voru einnig sammála um

að þessi mál væru alltaf flókin þar sem þeir finna til með nemendum en nefna einnig að umgjörð skólanna, umræða samfélagsins í þessum málum sem og lagaumhverfið gera þau flókin.

### **3.2 Þetta er flókið – áskoranir við vinnslu kynferðisofbeldismála**

Allir viðmælendur voru sammála um að kynferðisofbeldismál eru erfiðustu og flóknustu málin sem þau fá í hendurnar. Hver einasti viðmælandi notaði lýsingarorð á borð við flókið, þung, erfið, sár þegar þeir lýstu aðkomu sinni að þessum málum. Eins og fram kom hér að ofan þá er viðmælendum mikilvægt að aðkoma þeirra í þess konar málum sé innan þeirra starfssviðs en það reynist sumum viðmælendum erfitt. Þóra segir að henni þyki stundum erfitt að halda hlutleysi og að halda tilfinningum frá því: „Þetta eru þannig mál að þau skríða undir skinnið á manni“. Hún segir jafnframt:

Þetta er náttúrulega líka alveg flókið.. Flókið að vera hlutlaus, þú veist það er svona bara já, þú veist að halda fókusnum á bara, þú veist ég er hérna til þess að hjálpa viðkomandi nemanda í náminu, að hann ljúki námi það er mitt hlutverk, hvað þarf ég að gera til þess. Þannig að maður tapi ekki sko, þú veist hvað maður er að gera sko, tapi ekki svona fókusnum. Þetta eru svo mikil svona tilfinningamál þú veist.

Elín segist alltaf verða fyrst ofboðslega reið, sár og leið þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Hún segist taka hlutverki sínu sem stuðningsaðili nemandans sem til sín leitar mjög alvarlega en reynir að koma öðrum verkefnum tengdu málinu frá sér. Hún segir að það sé oft mjög erfitt og lýsir ástæðunni fyrir því þannig:

Þær eru bara niðurbrotnar. Það er gjörsamlega búið að brjóta á þeim, þær upplifa sig óöruggar, þær eru bara, þær eru bara flak og það er bara svo erfitt að horfa upp á bara flotta einstaklinga bara hrynja og manni finnst það bara sorglegt og maður sér bara allt í kringum þau, jafnvel vinahópurinn því oft er þetta náttúrulega innan vinnuhóps. Vinahópurinn hverfur eða leysist upp, þær bera ábyrgð á því finnst þeim, skólinn fer til fjandans, samskipti við kærasta eða vini eða foreldra fer til fj. Þetta er bara ömurlegt og maður finnur svo til með þeim. Þess vegna er þetta erfitt.

Hanna segir að hún upplifi ákveðið úrræðaleysi þegar nemendur koma með þessi mál inn á borð til hennar. Hún finnur til mikillar samkenndar með þessum nemendum og langar til að hjálpa þeim og þó skólinn bjóði upp á allskyns úrræði þá duga þau ekki til:

Úrræðaleysið kannski bara, af því að þau eru í það mikilli vanlíðan og þau eru oft bara svo flöt og þau eru oft bara einhvern veginn og ég er ekki sálfræðingur eða geðlæknir eða skilurðu en þau koma samt til mín með þessa vanlíðan og kannski þar sem er úrræðaleysið.

Úrræðaleysið sem hún upplifir snýr að hennar mati að því að þó hún aðstoði nemendur við aðlögun á námsumhverfinu og að finna málinu réttan farveg þá langar hana til að hjálpa þeim með vanlíðan sína.

Í viðtölunum lýstu viðmælendur einnig annars konar áskorunum sem verða á vegi þeirra sem gera úrvinnslu þessara mála innan skólana einnig flókna. Lína segir í því samhengi að kynferðisofbeldismál séu með þyngri málum sem hún lendir í að þurfa að vinna eins og hún orðaði það. Hún upplifir að í meðferð slíkra mála sé hún alltaf að reka sig á einhverja vegg sem gera störf hennar erfið.

### **3.2.1 Bið og óvissa tekur á móti þolendum**

Einn af þessum veggjum eða áskorunum sem viðmælendur nefna snýr að þeim stofnunum utan skólanna sem eiga að grípa þolendur kynferðisofbeldis. Þegar þolendur eru undir 18 ára þá ber náms- og starfsráðgjöfum að tilkynna málið til barnaverndar sem á að taka við og veita viðeigandi þjónustu og aðstoð. Hins vega lýsa viðmælendur því að biðin eftir viðbrögðum frá barnavernd geti verið mjög löng. Þannig að þegar viðmælendur hafa tekið við keflinu og komið málunum í viðeigandi farveg eins og lýst var hér að ofan tekur við löng bið. Löng bið eftir viðbrögðum frá barnavernd og enn lengri bið eftir aðstoð fagaðila eins og sálfræðings eða Barnahúsi. Viðmælendur eru sammála um að þessi bið reynist bæði þolendum erfið sem og þeim sjálfum. Æsa segir:

Það sem mér finnst líka ótrúlega erfitt er það er svo löng bið og einhvern veginn bara svona þegar þau eru tilbúin loksins að segja frá og hérna, svo hefur maður samband við barnaverndarnefnd og eins og ég sagði áðan þá erum við með krakka alls staðar á landinu þannig að ég þarf að hafa samskipti við mismunandi sveitarfélög eftir því hvar það er og já hérna og þá eftir hvar lögheimilið þeirra er og þú veist það getur verið hálf ár í bið kannski eftir einhverju viðtali við þau sko eða símhringingu sem ég fæ frá barnaverndarnefnd eða eitthvað svoleiðis sko um þetta mál.

Eins og Æsa benda aðrir viðmælendur á að nemendur koma alls staðar af landinu og hafa því ekki endilega lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn er í. Það gerir það að verkum að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa samband við félagsmálayfirvöld víðs vegar á landinu

Þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Það eykur enn frekar á flækjustig í meðferð þessara mála.

Ef þolendur taka ákvörðun um að kæra ofbeldið sem þeir urðu fyrir til lögreglu tekur við enn meiri bið sem reynist þolendum, meintum gerendum sem og viðmælendum erfið. Þóra lýsir þessu á þennan hátt:

Það er vont að hérna að sitja með þessu unga fólki sem að þú veist er að kæra eða hefur verið kært og það bíður og bíður sko mánuðum og árum saman og það veit ekki einu sinni hvort að málið verði fellt niður eða ekki fellt niður eða þú veist og heyrir ekki neitt, þú veist einhvern veginn það er vont hvað þetta tekur alltof langan tíma.

Hún segir að þessir nemendur hafi kærana hangandi yfir sér kannski alla sína framhaldsskólagöngu. Þar sem tíminn sem það tekur fyrir málið að fara í gegnum dómskerfið er langur. Ólöf segir að kerfið sé ekkert frábært fyrir unga þolendur og þeir sjá engan tilgang í því að kæra eða fara með málin lengra. Aðrir viðmælendur lýsa svipaðri upplifun og segir Ólöf meðal annars:

Ef nemandi t.d. kærir til lögreglunnar að vita að það eru nánast engar líkur á því að sannleikurinn verði viðurkenndur, það er ofsalega erfitt og ég held að það sé einn þáttur í því að þolendur eru mjög lengi að ná sér. Það er ekkert réttlæti, mér finnst það erfitt að sú hlið sé svona óskaplega snúið að það sé í rauninni að maður þurfi að segja en þegar að talað er um að þú eigir fullan rétt til þess að kæra og auðvitað vill lögreglan fá þetta skráð en svo gerist ekkert.

Að mati viðmælenda er eitthvað ábótavant við það kerfi sem á að taka við og grípa unga þolendur sem og meinta gerendur sem oft eru enn undir lögaldri.

### **3.2.2 Ráðaleysi skólanna**

Af orðræðu viðmælenda þegar þeir lýsa viðbrögðum skólanna má heyra að þeir upplifa að ákveðið ráðaleysi ríki innan þeirra. Þá aðallega í málum þar sem að þolandi og meintur gerandi eru báðir nemendur við skólann. Lína segir:

Mér finnst bara mér finnst bara svoldið það sem einkennir bara hérna vinnuna í tengslum við hérna úrvinnsluna og svona einhvern veginn bara ráðstafanir innan skólans, mér finnst það já mér finnst bara þínu ráðaleysi einkenna það sko, bara í hreinskilni sagt sko.

Að hennar mati snýr ráðaleysið ekki að þeim stuðningi eða ráðgjöf sem hún sem náms- og starfsráðgjafi veitir þolendum eða meintum gerendum þegar það á við. Heldur að þeim ráðstöfunum sem skólinn getur gripið til með það að markmiði að tryggja að þolandi upplifi sig öruggan innan skólans. Að mati viðmælenda er til staðar ákveðin hræðsla hjá stjórnendum skólanna. Hræðsla við fjölmiðlaumfjöllun, hræðsla við foreldra og hræðsla við að taka ranga ákvörðun og vísa meintum geranda úr námi. Æsa segir að skólastjórnendur feli sig á bak við lög um fræðsluskyldu sem kveða á um rétt nemenda til að stunda nám til 18 ára aldurs. Þess vegna meti þeir það svo að lítið sé hægt að gera þegar kynferðisofbeldismál koma upp meðal nemenda yngri en 18 ára. Viðmælendur upplifa að vegna þeirra lagaramma sem skólar starfa eftir sé óvissa innan skólanna um hvaða úrræði sé raunverulega hægt að grípa til svo tryggja megri öryggi þolenda innan skólanna. Lína segir þetta ofboðslega snúið:

Þetta er svoldið eitthvað sem okkur hefur bara fundið ofboðslega snúið og líka bara út af fordæmum úr öðrum skólum, þúst að hérna svona þetta skref að að raunverulega taka afstöðu með þolendum að hérna vísa þá gerendum úr námi eða yfir í fjarnám vegna þess að rétturinn til fræðsluskyldan er svo sterk.

Hún segir jafnframt að henni finnist nauðsynlegt að skýra regluverkið betur svo að skólinn geti komið ákveðnari að borðinu með raunverulegar leiðir til að tryggja öryggi þolenda. Að hennar mati eru ráðstafanir og úrræði skólanna í dag oft þess eðlis að það er þolandinn sem þarf að víkja. Þóra sömuleiðis upplifir sömuleiðis að óljóst sé hvað skólinn má lagalega gera þegar kynferðisofbeldi á sér stað meðal nemanda. Hún bendir jafnframt á að langan tíma tekur að fá formlega niðurstöðu í svona mál sem gerir stöðuna flókna:

Ef maður vísar nemanda úr skóla þá þarf að hafa þú veist einhverja mjög sko, hann þarf að brjóta skólareglur þú veist eða það þarf að vera eitthvað svona í hendi alveg og hérna og þú veist þegar það eru svona mál í gangi og það er ekki komin niðurstaða í þau, þú veist það kemst ekki niðurstaða í svona kærumál fyrr en löngu eftir að þau eru útskrifuð þú veist þannig að hérna þannig að það er alveg mjög flókið að leysa þetta.

Hanna segir að oft sé kastað fram setningunni saklaus uns sekt er sönnuð en það vita allir að það tekur langan tíma að fá niðurstöðu í svona máli, ef hún einhvern tímann fæst. Hún segir það eina sem þau geta gert fyrir þolendur sé svo máttlaust í stóra samhenginu:



Eina sem við getum gert er að við pössum upp á að þau séu ekki saman í kennslustundum og það er í raun eina tækið okkar. Við pössum að þau fari ekki saman í tíma en það er svo máttlaust í stóra samhenginu.

Af máli viðmælenda má heyra að þeir vilja gjarnan gera meira til að tryggja öryggi þolenda þegar kynferðisofbeldismál koma upp meðal nemenda í skólanum. Í því samhengi segir Eva að þolendur og samfélagið kalla eftir annars konar úrræðum sem oft eru í andstöðu við það sem má lagalega gera:

Getur vel verið að sko að meintur þolandi eða þolandinn vilji gera eitthvað vilji að það sé alls konar gert sem að er bara enginn grundvöll sem er bara engin lagastoð fyrir að gera, við getum ekki gert það öðruvísi en að brjóta á hinum aðilanum sem á líka sinn rétt þannig að við erum persónuverndarlög og bara aðalnámskrá og annað tryggja svoldið þetta að viðhalda oft þessu brasi.

Eins og heyra má meðal annars í orðum Evu þá er hún ásamt öðrum viðmælendum meðvituð um að meintir gerendur eru líka nemendur skólans og tryggja þarf líka hagsmuni þeirra. Þeir upplifa því einnig siðferðislegar áskoranir í vinnu tengdum kynferðisofbeldismálum.

### **3.2.3 Náms- og starfsráðgjafar beggja vegna borðsins**

Að mati viðmælenda er þeirra hlutverk að vera talsmenn allra nemanda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra. Í því felst að þeir eru talsmenn nemenda sem ásakaðir eru um að beita kynferðisofbeldi og nemenda sem telja sig vera þolendur þess. Upplifa þeir sig því gjarnan beggja vegna borðsins þegar kynferðisofbeldismál koma upp meðal nemenda. Af orðræðu viðmælenda má heyra að þeim þykir þessa staða krefjandi og lýsa þeir að þó það sé oft erfitt er mikilvægt fyrir þá að halda þessu hlutleysi sem þarf til að gæta hagsmuna allra nemanda. Eva segir:

Þú getur ekki bara alltaf sagt ég stend með þolendum, það er ljótt að segja þetta af því að þú þarft nefnilega líka að standa með gerendum meintum gerendum eða hvernig sem það er . . . þannig að við erum í þessari stöðu að þurfa að vera s.s. líka vera svolítið næstum því beggja vegna borðsins þetta er bara alveg ofboðslega erfið og flókin staða.

Heyra má í orðum Evu að hún var meðvituð um að það sem hún væri að segja væri óvinsæl skoðun, enda segir hún: „Það er ljótt að segja þetta“ þegar hún lýsir því að hún sem hagsmunaaðili allra nemanda getur ekki tekið sjálfkrafa afstöðu með þolenda. Þóra segir: „Við segjum hluti og viljum og ætlum að standa með þolendum“ en veltir svo fyrir sér í

kjölfarið hversu langt hún má ganga til að standa við það þar sem meintir gerendur eiga líka sinn rétt. Í viðtölunum benda viðmælendur á að sjaldnast eru kynferðisofbeldismál þess eðlis að hægt sé að segja að meintur gerandi hafi sannarlega verið uppvís að broti. Því eiga meintir gerendur líka rétt á sinni skólavist eins og aðrir nemendur og ekki sé hægt að þvinga þá úr námi eða í fjarnám nema þeir hafi brotið skólareglur. Fram kemur að viðmælendum þykir vandasamt að finna leiðir sem eru sanngjarnar fyrir bæði meinta þolendur sem og meinta gerendur. Elín segir:

Það er ekki sanngjarnt fyrir þolandann að þurfa að mæta geranda sínum á hérna skólaganginum en þarna eru þeir enn þá meintir gerendur. Er það sanngjarnt fyrir meintan geranda að hitta þann fyrir sem er að saka? Þetta er svo flókið mál þetta er bara þetta er ekki hægt.

Að mati Þóru er markmiðið ávallt að öllum nemendum líði vel í skólanum en bendir á að það eru tvær hliðar á því markmiði þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Eva sömuleiðis segir að hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að passa upp á að allir nemendur fái tækifæri til að vera í sínu rétta umhverfi og sækji sér menntun með öllum þeim stuðningi sem þeir þurfa. Á það þá einnig við um meinta gerendur:

Okkar hlutverk er ekki það að segja nei þú átt ekki rétt á því af því að þú ert hérna kúkalabbi eða þú ert hérna nauðgari, sko nei þú átt líka sem nauðgari eða glæpon eða hvað sem þú hefur gert að þér þú átt líka rétt á því að mennta þig þú átt líka rétt á því að þú sért góður nemandi og þú fáir hrós og þú fáir stuðning og að einhver vinni fyrir þig.

Heyra mátti í orðum viðmælenda að þessi siðferðislega áskorun að halda hlutleysi og gæta að hagsmunum allra nemanda reyndist þeim stundum erfið. Lína segir að það sé ótrúlega snúið að ræða við alla aðila málsins og heyra mismunandi upplifanir en þurfa á sama tíma að passa upp á að allir upplifi þennan stuðning sem hún segir að þeir eiga rétt á. Lýsa sumir viðmælendur því að þeir leysa þessa siðaklemmu á þann veg að einn náms- og starfsráðgjafi taki að sér málefni þolenda en annar málefni meints geranda. Þannig sé hægt að tryggja að báðir aðilar eigi sinn hagsmunaaðila innan skólans. Þeir benda þó á að í minni skólum þar sem einn náms- og starfsráðgjafi starfar gæti þetta verið erfiðara.

Sumir viðmælendur benda einnig á að mikilvægt er að hafa í huga þegar fjallað er um þennan málaflokk að meintir gerendur og líka þeir gerendur sem sakfelldir hafa verið eru í sumum tilfellum börn sem þurfa á fræðslu og stuðningi að halda. Páll bendir á að oft vill

Það verða að meintir gerendur eru skrímslavæddir. Hanna sömuleiðis bendir á að slaufunarmenning ríki oft í kringum svona mál og að meintir gerendur upplifi útilokun og hrökklist jafnvel úr námi í kjölfarið. Nefna viðmælendur einnig að stundum myndast æsingur innan skólanna þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Sögur ferðast á milli nemenda eða á rafrænum miðlum sem í sumum tilfellum kemur í ljós að enginn fótur er fyrir. Elín segir: „Sögur sem að svo kemur í ljós að meira að segja meintur þolandi var ekki sammála“. Páll segir að honum finnist vanta ákveðið jafnvægi í þessa umræðu. Að hans mati þá getur dómstóll götunnar eins og hann kallaði það ekki séð um að afgreiða þessi mál. Hann segir: „Við hljótum að þurfa að nálgast einhverja miðju eða jafnvægi þar sem að þolandi upplifir réttlæti en gerandinn á séns að vera til“.

### **3.3 Viðbragðsáætlanir skólanna – ávinningur og vankantar**

Í viðtölum við viðmælendur kom fram að vinna hefur átt sér stað að undanfögnu innan skólanna við mótun verkferla og viðbragðsáætlana til að bregðast við þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Heyra mátti að í einhverjum tilfellum hófst vinnan eftir að mótmæli framhaldsskólanemenda átti sér stað og í flestum tilfellum voru viðmælendur leiðandi í þessari vinnu. Allir viðmælendur voru sammála um að mikilvægt sé fyrir þá og skólann að hafa viðbragðsáætlun til að tryggja jafnræði og samræmi í þjónustu við nemendur sem ýmist eru meintir gerendur kynferðisofbeldis eða þolendur þess. Elín segir:

Mér fannst rosagott við hentum þessu í gang, þessu ferli því þetta var svolítið svona við reyndum auðvitað að gera þetta alltaf mjög eins en það var auðvitað aldrei hægt að gera þetta eins þannig að það var gert svipað svo bara hver var á vakt, hver tók við máli, hvaða stjórnandi var til staðar það var ekki alveg alltaf sambærilegt þannig að mér finnst mjög gott að hafa bara svona þetta gerum við og þetta og þetta og þetta og svo er allt skráð þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt þannig að allir fái sko sömu meðferð og sömu þá hjálp. Af því að áður fyrr þegar var ekkert þá fór þetta algjörlega bara eftir því hvernig maður brást við.

Að mati viðmælenda þá veitir viðbragðsáætlunin þeim ramma um störf sín og tryggir að rétt skref séu stigin á réttum tíma og að réttir aðilar séu upplýstir. Þóra segir þó að hún vilji gjarnan hafa verkferlana enn skýrari þannig að ljóst yrði fyrir nemendur og foreldra hvaða úrræði er í raun hægt að fara fram á. Æsa lýsir því að hún upplifi sig öruggari við að vinna í þessum málum eftir að slík áætlun var útbúin og samþykkt í hennar skóla þar sem

hún auðveldi henni meðal annars samvinnu við sína yfirmenn og tryggir henni verkfæri til að þjónusta sína nemendur. Þó viðmælendur séu sammála um mikilvægi þess að hafa viðbragðsáætlun innan sinna skóla þá benda þeir á að oft ganga þær hreinlega ekki upp í raunveruleikanum.

### 3.3.1 Mikilvægar en ófullkomnar

Að mati viðmælenda þá eru þau kynferðisofbeldismál sem koma upp innan framhaldsskólanna oft svo ólík að erfitt sé að móta áætlun sem hentar í öllum tilfellum.

Lína lýsir þessu á þennan hátt:

Við erum rosamikið alltaf að uppfæra og endurskoða áætlunina okkar af því að það er rosalega erfitt að hérna niðurnjörva eitthvað ferli af því að við erum alltaf að vinna með fólk að hérna já einhvern veginn úff þú veist, það er svoldið erfitt að vera með bara einhverja eina leið sem á að gilda fyrir öll mál af því að hérna já við erum ekki að vinna með einhver skjöl við erum að vinna með manneskjur sko.

Að mati viðmælenda eru málin svo ólík og einnig þeir nemendur sem að málunum koma að oft þurfi hreinlega að klæðskerasníða áætlunina og úrræðin sem nýtt eru að hverju máli fyrir sig. Hanna segist efast um að hægt sé að útbúa verkferla sem virka fyrir öll mál þar sem þau séu svo ofboðslega ólík. Ólöf segir að þessar áætlanir geti aldrei verið neitt meira en leiðbeinandi og hvatt til þess að vandað sé til verka. Hún segir:

Það koma upp tilfelli þar sem þetta gengur ekki upp, það vantar eitthvað inn í þetta eða það er ekki gert ráð fyrir þessum möguleika þannig að og veit ekki hvort að það er þörf á að bæta eða gera þetta flóknara eða bara horfast í augu við það að þetta eru guidelines. Þau eru aldrei meira en það en þetta hvetur okkur til að vanda okkur og gera hlutina í réttari röð og halda réttum aðilum upplýstum og ég held að það sé mjög mikilvægt.

Viðmælendur benda einnig á að sumt sem fram kemur í viðbragðsáætlunum skólanna sé í raun óframkvæmanlegt. Lína segir að í þeirra áætlun standi að mikilvægt sé að tryggja að þolandi og meintur gerandi þurfi ekki að hafa samskipti innan skólans og að hægt sé að vísa meintum geranda tímabundið úr skóla á meðan athugun fer fram. Það sé þó í raun ekki hægt vegna þeirra lagaheimilda sem skólarnir starfa eftir:

Frábærar og fallegar áætlanir eru náttúrulegar geggjáðar en svo einhvern veginn þegar þær virka ekki í framkvæmd af því að það er eitthvað svona fyrir utan þær sem stoppar af það er mjög böggandi.

Fram kom í orðræðu viðmælenda að þeim þætti betra ef viðbragðsáætlanir skólanna er varða kynferðisofbeldi væru samræmdar á milli framhaldsskólanna til að tryggja jafnræði og samræmi í þjónustu óháð skóla. Æsa sagði að hjá sér þá gáfust þau upp á að bíða eftir miðlægu viðbragðsáætluninni sem koma átti frá ráðuneytinu og hófust því handa við að gera sína eigin áætlun. Aðrir viðmælendur lýsa því einnig að þreyta og óþolinmæði eftir miðlægri viðbragðsáætlun sé farin að gera vart við sig innan skólanna.

## 4 Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast innsýn í upplifun náms- og starfsráðgjafa af aðkomu þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Kanna hvernig þeir upplifa hlutverk sitt í slíkum málum og hvaða áskoranir verða á vegi þeirra varðandi þennan málaflokk. Eins að kanna hver upplifun þeirra var af þeim viðbragðsáætlunum sem skólar hafa sett sér er varða kynferðisofbeldi.

Þegar rýnt er í niðurstöður þessarar rannsóknar dylst það engum að þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við gegna veigamiklu og mikilvægu hlutverki við vinnslu kynferðisofbeldismála í framhaldsskólum. Niðurstöður þessar eru í samræmi við þær vísbendingar sem áður hafa komið fram sem og það hlutverk sem náms- og starfsráðgjöfum er ætlað í þeim viðbragðsáætlunum sem skólar hafa sett sér í málaflokknum (Framhaldsskólinn á Laugum, 2023; Fjölbrautaskólinn við Ármúla, 2020; Fjölbrautaskóli Suðurlands, 2022; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021; Menntaskólinn að Laugarvatni, 2022). Niðurstöður sýndu einnig að margvíslegar áskoranir verða á vegi viðmælanda við vinnslu þessara mála og eins kom fram að þó þeim þyki mikilvægt að skólar hafi viðbragðsáætlanir er varða kynferðisofbeldi þá upplifa þeir að ákveðnir vankantar séu til staðar eins og þær eru settar fram í dag.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður rannsóknar með hliðsjón af þeim rannsóknarspurningum sem lagðar voru til grundvallar í þessari rannsókn. Í fyrstu rannsóknarspurningunni var lögð áhersla á að kanna upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum af hlutverki sínu við vinnslu kynferðisofbeldismála. Verður upplifun þeirra af hlutverki sínu gerð skil í næstu tveimur köflum sem bera heitið: *Hlutverk náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála og Samsvörun við starfssvið náms- og starfsráðgjafa.*

### 4.1 Hlutverk náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála

Eitt af verkefnum framhaldsskólanna er að stuðla að velferð og farsæld nemenda og bregðast við með viðeigandi úrræðum eða stuðningi gerist þess þörf (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr.

86/2021; Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. 326/2016). Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við gegna lykilhlutverki við að sinna þessu verkefni innan skólanna þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Upplifa þeir að hlutverk þeirra sé að veita þolendum stuðning og koma málum í réttan farveg ásamt því að finna viðeigandi úrræði innan skólanna með það að markmiði að styðja við farsæld þeirra og vellíðan og sporna gegn brotthvarfi þolenda úr námi. Leiða má líkum að því að þetta verkefni sé nokkuð vandasamt þar sem þolendur kynferðisofbeldis eru líklegri til eiga í námserfiðleikum og hverfa gjarnan úr námi í kjölfar þess ofbeldis sem þeir urðu fyrir (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017).

Af niðurstöðum má einnig ætla að viðmælendur leggi metnað sinn í að þolendur upplifi virðingu og samhygð í samskiptum þeirra á milli. Allir ítrekuðu þeir mikilvægi þess að þolandi upplifi stuðning og að honum sé trúað en í fyrri rannsóknum hefur verið bent á mikilvægi þess að þolendur upplifi jákvæð viðbrögð eins og þeim sem viðmælendur leggja áherslu á í sínum störfum (Kirkner o.fl., 2021; Ullman, 2023a; Ullman 2023b). Eins lögðu þeir ríka áherslu á að þolandi sé ávallt upplýstur um feril málsins og að hann sé við stjórnvölinn þegar það á við. Sem er til marks um þá virðingu og samhygð sem viðmælendur leggja sig fram við að sýna þolendum við vinnslu kynferðisofbeldismála.

Niðurstöður þessar koma ekki á óvart í ljósi þess að fram kemur í stefnumörkun stjórnvalda að hlutverk náms- og starfsráðgjafa sé meðal annars að veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum er varða námið og skólann (reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007). Eins segir í starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa að meðal hlutverka þeirra sé að veita persónulega ráðgjöf og stuðning vegna tímabundinna erfiðleika eða áfalla í einkalífinu (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003). Ætla má að sú reynsla að verða fyrir kynferðisofbeldi falli þar undir sérstaklega þar sem fjölmargar fyrri rannsóknir hafa sýnt að þolendur kynferðisofbeldis upplifa ýmsa vanlíðan og glíma við margvíslegar afleiðingar í kjölfarið á því áfalli sem slíkt ofbeldi veldur (Dworkin o.fl., 2017; Suhita o.fl., 2021).

Þó viðmælendur upplifi að hlutverk þeirra sé að veita þolendum þennan persónulega stuðning og ráðgjöf þá kemur fram í niðurstöðum að þeir líta ekki á sig sem meðferðaraðila né fagaðila í þessum málum. Allir viðmælendur lögðu ríka áherslu á að

hlutverk náms- og starfsráðgjafa væri ekki að veita meðferð við þeim afleiðingum sem kynferðisofbeldi olli og ítrekuðu mikilvægi þess að vísa slíkum málum til viðeigandi fagaðila og er það í samræmi við starfslýsingar sem og stefnumörkun stjórnvalda (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003; reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007).

Niðurstöður þessar varpa ljósi á mikilvægi náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Niðurstöður gefa einnig til kynna að þó þeir séu að sinna þessu mikilvæga hlutverki þá upplifa viðmælendur að það samræmist ekki að öllu leyti þeim störfum sem náms- og starfsráðgjöfum er ætlað að sinna miðað við starfslýsingar og stefnumörkun stjórnvalda (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003; reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007).

#### **4.1.1 Samsvörun við starfssvið náms- og starfsráðgjafa**

Niðurstöður rannsóknar gefa til kynna að viðmælendur upplifa að þeir séu illa undirbúnir til að sinna málum er tengjast kynferðisofbeldi og einnig að þeir séu að sinna verkefnum í tengslum við þennan málaflokk sem ætti ekki að tilheyra þeirra starfssviði. Nefna viðmælendur meðal annars að hlutverk þeirra sé ekki að taka afstöðu í kynferðisofbeldismálum né rannsaka slík mál en segja jafnframt að oft sé þörf á að kanna málavöxtu að einhverju leyti og sumir nefna að gert sé ráð fyrir að þeir sinni einhvers konar rannsókn í viðbragðsáætlunum skólanna. Sömuleiðis sýndu niðurstöður að viðmælendur upplifa að úrræðaleyfi sé til staðar í þessum málaflokki og vegna þessa séu þeir nauðbeygðir til að sinna verkefnum sem þeir telja að ættu ekki að tilheyra sér.

Aðrar rannsóknir, sem þó tengjast annars konar verkefnum náms- og starfsráðgjafa, hafa einmitt sýnt að náms- og starfsráðgjafar upplifa að starf þeirra fari út fyrir þær starfslýsingar sem þeim er ætlað að starfa eftir (Agnes Helga Sigurðardóttir, 2023; Hildur Halla Gylfadóttir, 2023; Sandra Þóroddsdóttir, 2012;). Sérstaklega í tengslum við verkefni þar sem ekki er nægur mannaflí innan skólanna né úrræði sem þarf til að vinna þau (Sandra Þóroddsdóttir, 2012). Miðað við þá umræðu sem hefur átt sér stað í samfélaginu eftir #meetoo byltingu framhaldsskólanemanda um viðbrögð skólanna þegar kynferðisofbeldismál koma upp, sem og niðurstöður þessarar rannsóknar, má ætla að



bæði mannafla og úrræði skorti til að sinna þessum málaflokki (Brynhildur Karlsdóttir, 2022; Viktor Örn Ásgeirsson, 2022; Bjarki Sigurðsson, 2022).

Þó sýna niðurstöður að þar sem hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að vera trúnaðarmenn og talsmenn nemanda, gæta hagsmuna þeirra og standa vörð um velferð þeirra. Ásamt því að veita nemendum leiðsögn og stuðning í persónulegum málum sem snerta námið og skólann þá upplifa viðmælendur að aðkoma þeirra að vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna samræmist starfssviði þeirra að hluta (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003; Menntamálaráðuneytið, 1998; reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007).

Þessar niðurstöður gefa til kynna að skilgreina þurfi betur störf náms- og starfsráðgjafa og samhliða því að endurskoða og skýra það hlutverk sem náms- og starfsráðgjöfum er ætlað að sinna innan framhaldsskólanna þegar kynferðisofbeldismál koma upp svo það samræmist að öllu leyti störfum náms- og starfsráðgjafa.

## **4.2 Áskoranir í vinnslu kynferðisofbeldismála**

Markmiðið með rannsóknarspurningu tvö var að kanna hvaða áskoranir verða á vegi náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála. Niðurstöður sýndu að þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við upplifa að mál tengd kynferðisofbeldi séu erfiðustu og flóknustu málin sem þeir hafa aðkomu að. Upplifa viðmælendur að þó vinnsla kynferðisofbeldismála sé oft unnin í samstarfi við aðra aðila innan skólans þá er íþyngjandi ábyrgð lögð á þeirra herðar þar sem gerð sé sú krafa að þeir finni leiðirnar og lausnirnar til að leysa vanda og vanlíðan þeirra nemanda sem að kynferðisofbeldismálum koma. Miða við starfslýsingu náms- og starfsráðgjafar sem og stefnumörkun stjórnvalda er varða þeirra störf má ætla að slík ábyrgð ætti ekki að falla á þeirra herðar (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003; reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007). Niðurstöður gáfu samt einnig til kynna að viðmælendur vilja gjarnan uppfylla þessa kröfu sem á þá er sett en hvorki úrræði skólanna né þeirra fagþekking og stuðningur dugi til. Vegna þessa upplifa þeir sig óörugga, vanmáttuga og ráðþrota við vinnslu kynferðisofbeldismála.

Nefna viðmælendur einnig að margvíslegar aðrar áskoranir verða á þeirra vegi við vinnslu slíkra mála. Í næstu þremur köflum sem bera heitið: *Áskoranir tengdar öðrum*

*stofnunum eða fagaðilum, Áskoranir vegna lagaheimilda skólanna og Siðferðislegar áskoranir* verður fjallað um þær ólíku áskoranir sem viðmælendur nefna.

#### **4.2.1 Áskoranir tengdar öðrum stofnunum eða fagaðilum**

Fram kemur í starfslýsingum og stefnumörkun stjórnvalda að náms- og starfsráðgjafar eigi að vísa málum sem ekki er unnt að leysa innan skólans til viðeigandi fagaðila (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2003; reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007). Benda niðurstöður til að viðmælendur eru að sinna þessu hlutverki sínu og vísa kynferðisofbeldismálum áfram til fagaðila sem er ætlað að taka á móti þolendum og styðja þá við að vinna úr reynslu sinni af ofbeldinu. Hins vegar benda niðurstöður einnig til þess að löng bið reynist vera eftir þjónustu frá þessum aðilum. Á meðan sitja nemendurnir í skólunum og á skrifstofu náms- og starfsráðgjafanna og fá ekki bót sinna meina eða þá utanaðkomandi aðstoð sem þeir eiga rétt á (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Upplifa viðmælendur þessa bið sem áskorun í sínu starfi og lýsa að vegna hennar reynist það þeim erfitt að starfa eingöngu innan síns starfssviðs.

Niðurstöður benda því til að viðmælendur upplifi sig nauðbeygða til að stiga út fyrir starfssvið sitt þar sem bið eftir viðeigandi fagaðilum til að sinna þessum nemendum er löng. Það getur ekki talist ásættanlegt að náms- og starfsráðgjafar sinni störfum sem ætluð eru öðru fagfólki né er það ásættanlegt að ungir þolendur kynferðisofbeldis séu látnir bíða lengi eftir viðeigandi þjónustu. Sérstaklega í ljósi laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og þess hlutverk sem framhaldsskólum er ætlað að sinna er varða viðbrögð við hvers kyns ofbeldi (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021; Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022). Ljóst er af niðurstöðum að finna þarf leiðir til að minnka biðtíma eftir viðeigandi fagfólki svo stuðla megi að farsæld og vellíðan þeirra nemanda sem að kynferðisofbeldismálum koma og einnig svo að náms- og starfsráðgjafar upplifi sig ekki nauðbeygða til að starfa fyrir utan sitt starfssvið.

#### **4.2.2 Áskoranir vegna lagaheimilda skólanna**

Niðurstöður rannsóknar gefa til kynna að ein af þeim áskorunum sem verða á vegi viðmælenda við vinnslu kynferðisofbeldismála snýr að ráðaleysi og valdheimildum

skólanna. Að þeirra mati snýr ráðaleysið ekki að þeim stuðningi eða ráðgjöf sem þeir eru að sinna heldur að þeim ráðstöfunum sem framhaldsskólum er lagalega heimilt að beita. Í lögum kemur fram að öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og þeim á ekki að stafa ógn af slíku innan framhaldsskóla (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/1992; stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Ef kynferðisofbeldi á sér stað ber framhaldsskólum að bregðast við með viðeigandi úrræðum og tryggja að þolandi sé ekki látinn gjalda fyrir að hafa kært ofbeldið (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2015; lög um framhaldsskóla, 92/2008; lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020; Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum 326/2016).

Hins vegar benda niðurstöður rannsóknar til að óvissa ríki um hvaða úrræði framhaldsskólar mega lagalega nýta til að tryggja þolendum vernd gegn áframhaldandi ofbeldi og að þeir upplifi sig örugga innan skólanna. Á það einkum við í málum þar sem þolandi og meintur gerandi eru báðir nemendur skólans. Eins benda niðurstöður til að þær ráðstafanir sem framhaldsskólar grípa til í þess konar málum séu oftast þess eðlis að þolandi víkur að lokum úr skólanum þar sem hann upplifir sig ekki öruggan. Sem er í samræmi við það sem fram kom í ákalli framhaldsskólanemenda þegar #meetoo bylting þeirra átti sér stað (Bjarki Sigurðsson, 2022; Brynhildur Karlsdóttir, 2022; Viktor Örn Ásgeirsson, 2022). Lýsa viðmælendur að innan skólanna ríki hræðsla meðal stjórnenda með að taka skýra afstöðu með þolendum og vísa meintum geranda úr námi þar sem óvissa er um hvort lagaheimildir standi með þeirri ákvörðun.

Niðurstöður gefa ekki skýr svör um ástæður þessarar óvissu en skólar hafa lagaheimild til að vísa meintum gerendum úr námi ef þeir hafa brotið skólareglur. Þó kemur þar fram að þegar ákvörðun um brottrekstur er tekin þurfi að gæta að meginreglum stjórnsýsluréttar og þar á meðal að gæta þess að mál séu nægjanlega upplýst (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016; stjórnsýslulög nr. 30/1993). Þar sem hlutverk skóla er ekki að fara með dómsvald né sanna að kynferðisofbeldi hafi átt sér stað má ætla að erfitt sé fyrir skólanna að gæta þess að mál séu nægjanlega upplýst til að réttlæta brottrekstur nemanda sem ásakaður er um að hafa beitt kynferðisofbeldi (Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, 2023). Nefna viðmælendur í því samhengi að langan tíma taki fyrir þessi

mál að fara í gegnum formlegt dómskerfi til að fá staðfesta niðurstöðu og þau úrræði sem skólar geta nýtt á meðan til að tryggja öryggi þolanda, vellíðan og farsæld séu máttlaus. Eins nefna þeir að vegna laga um fræðsluskyldu, sem kveða á um rétt nemenda til að stunda nám til 18 ára aldurs (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008), líti stjórnendur svo á að ekki sé hægt að vísa meintum geranda úr námi ef hann er yngri en 18 án þess að brjóta á réttindum hans. Niðurstöður rannsóknar benda því til þess að þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við upplifi að vegna þeirra lagaramma sem skólar starfa eftir skorti úrræði til að tryggja öryggi og hagsmuni þolanda innan skólanna.

Út frá þessum niðurstöðum má ætla að lítið hafi breyst er varða viðbrögð og úrræði framhaldsskólanna frá því að #meetoo bylting framhaldsskólanemenda átti sér stað. Svo virðist að vegna þeirra lagaramma sem framhaldsskólar starfa eftir geta þeir ekki tryggt réttindi þolanda án þess að brjóta á réttindum meints geranda. Það gerir það að verkum að erfitt reynist fyrir náms- og starfsráðgjafa að tryggja hagsmuni beggja nemanda sem að kynferðisofbeldismálum koma og benda niðurstöður til að viðmælendur upplifa það sem erfiða áskorun í sínu starfi. Eins gefa niðurstöður til kynna að oftast en ekki eru réttindum meints geranda gert hærra undir höfði en réttindum þolanda. Þessar niðurstöður sýna að nauðsynlegt sé að skýra lagaramma skólanna og þau úrræði sem raunverulega er hægt að beita til að tryggja réttindi allra þeirra nemanda sem að kynferðisofbeldismálum koma.

#### **4.2.3 Siðferðislegar áskoranir**

Í kynferðisofbeldismálum almennt telst viðurkennt mikilvægi þess að standa með þolendum. Eins er starfsfólki skóla ætlað að taka afstöðu gegn öllum gerðum ofbeldis (reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016). Niðurstöður sýna þó að viðmælendur eru meðvitaðir um að sem trúnaðarmenn og talsmenn allra nemanda er það þeirra hlutverk að stuðla að farsæld og gæta að hagsmunum þolanda sem og meintra gerenda og því geti þeir ekki sjálfkrafa tekið afstöðu með þolendum (Menntamálaráðuneytið, 1998). Í siðareglum kemur einnig fram að náms- og starfsráðgjafa ber að gæta að jafnrétti og hlutleysi í sínum störfum, forðast fordóma og gæta þess að mismuna ekki þeim sem til hans leita ásamt því að tryggja að allir hafi aðgengi að þjónustu sinni (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2021). Ætla má að í því felist að náms- og starfsráðgjafar eigi að halda hlutleysi þegar kynferðisofbeldismál eiga

sér stað meðal nemenda í skólanum. Benda niðurstöður til að viðmælendum þyki þessi staða erfið og að hún reyni á fagmennsku þeirra. Þeim þykir krefjandi að halda því hlutleysi sem ætlast er til af þeim og upplifa sig gjarnan beggja vegna borðsins þegar þess konar mál koma upp. Velta má fyrir sér hvort slíkt starfsumhverfi sé heilnæmt og ásættanlegt fyrir náms- og starfsráðgjafa sérstaklega í ljósi þess að niðurstöður rannsóknar sýndu einnig að vöntun er á stuðningi og stýringu frá menntamálaráðuneytinu.

Niðurstöður sýndu einnig að viðmælendum þyki vandasamt að finna leiðir sem eru sanngjarnar og tryggja hagsmuni bæði þolanda og meints geranda, sérstaklega þegar hagsmunir þeirra stangast á. Ætla má að það sé ekki meintum geranda fyrir bestu að vera vikið úr námi, eins er það ekki þolanda fyrir bestu að mæta geranda sínum á göngum skólans en í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að þegar ráðstafanir eru gerðar sem varða börn þá skuli ávallt hafa það sem er þeim fyrir bestu í forgrunni (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.19/2013). Niðurstöður gefa til kynna að það er viðmælendum mikil áskorun en á sama tíma mikilvægt að finna leiðir svo bæði þolendum og meintum gerendum líði vel skólanum og geti stundað nám og gætt sé að hagsmunum þeirra beggja og réttindum. Nefna viðmælendur í því samhengi að meintir gerendur eru oft börn sem þurfa stuðning, ráðgjöf og viðeigandi úrræði. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að hægt sé að minnka líkurnar á að ungir gerendur kynferðisofbeldis beiti aftur slíku ofbeldi ef þeir fá viðeigandi úrræði (Ter Beek o.fl., 2018; Tyler o.fl., 2021).

### **4.3 Upplifun af viðbragðsáætlunum skólanna**

Þriðja og síðasta rannsóknarspurningin sem lögð var til grundvallar fyrir þessa rannsókn hafði það að markmiði að kanna hver upplifun náms- og starfsráðgjafa væri af þeim viðbragðsáætlunum sem framhaldsskólar hafa sett sér varðandi kynferðisofbeldismál.

Niðurstöður leiddu í ljós að þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við eru gjarnan leiðandi við mótun slíkra áætlana innan skólanna og að þeim þyki mikilvægt að þær séu til staðar svo tryggja megi jafnræði og samræmi í þjónustu við nemendur þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Upplifa þeir að slíkar áætlanir gefi þeim ramma um störf sín er varða þessi mál sem gerir það að verkum að þeir upplifa sig öruggari við vinnslu þeirra. Niðurstöður rannsóknar sýndu þó einnig að viðmælendur upplifa að slíkar áætlanir

séu ófullkomnar að því leyti að erfitt sé að gera ráð fyrir margbreytileika málanna og margbreytileika nemanda við gerð þeirra. Lýsa viðmælendur í því samhengi að oft þurfi að klæðskerasníða áætlunina að hverju máli fyrir sig þar sem öll mál séu svo ólík og þarfir nemenda mismunandi. Eins upplifa þeir að viðbragðsáætlanir skólanna séu að hluta til óframkvæmanlegar vegna þess lagaramma sem skólar starfa eftir. Upplifa þeir að ákall sé innan framhaldsskólanna eftir miðlægri og samræmdri áætlun eins og nemendum var lofað eftir #meetoo byltingu þeirra (Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, 2022; Stjórnarráð Íslands, 2022). Áður hefur komið fram gagnrýni er varðar viðbragðsáætlanir skólanna en sú gagnrýni sneri ekki að því að þær séu ófullkomnar né óframkvæmanlegar eins og viðmælendur lýstu, heldur að skýrleika þeirra og aðgengileika (Jafnréttisstofa, 2023).

Niðurstöður þessar gefa til kynna að þó viðbragðsáætlanir er varða kynferðisofbeldi séu mikilvægar til að tryggja jafnræði og samræmi í þjónustu þá eru ákveðnir vankantar á þeim eins og þær eru settar fram í dag. Ástæðuna má líklegast rekja til þeirra lagaheimilda sem framhaldsskólar starfa eftir og gera það að verkum að erfitt er að framkvæma það sem í þeim stendur. Framhaldsskólar hafa ekki það hlutverk að rannsaka kynferðisofbeldi, en þó er það nauðsynleg forsenda þess að hægt sé nýta þau viðurlög sem skólum er lagalega heimilt að beita til að tryggja öryggi þolanda (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016; Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, 2023; stjórnarsýslulög nr. 30/1993). Niðurstöður rannsóknar gefa til kynna að þörf er á að endurskoða viðbragðsáætlanir og samræma milli skólanna en fyrst þarf að skýra lagaramma skólanna svo hægt sé að setja fram viðbragðsáætlun sem er framkvæmanleg.

## 5 Lokaorð

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á upplifun náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum af aðkomu þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála. Kanna hvaða áskoranir verða á vegi þeirra við vinnslu slíkra mála og hver upplifun þeirra er af viðbragðsáætlunum skólanna er varða kynferðisofbeldi.

Ljóst er af niðurstöðum að viðmælendur upplifa að hlutverk þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála sé bæði veigamikil og mikilvægt. Að þeirra mati gegna þeir lykilhlutverki innan skólanna við stuðning og ráðgjöf til þeirra nemanda sem að slíkum málum koma með virðingu og samkennd að leiðarljósi. Þeir starfa sem talsmenn bæði þolanda og meints geranda innan skólanna og gæta að hagsmunum þeirra beggja. Þeir taka við keflinu, koma málunum í réttan farveg og finna hentug úrræði. Niðurstöður sýndu jafnframt að það er viðmælendum mikilvægt að aðkoma þeirra að kynferðisofbeldismálum sé innan þeirra starfssviðs en vegna skorts á úrræðum og ýmissa áskoranna þá upplifa viðmælendur sig nauðbeygða til að starfa fyrir utan sitt starfssvið til að stuðla megi að farsæld, velferð og áframhaldandi skólagöngu þeirra nemenda sem að kynferðisofbeldismálum koma. Eins sýndu niðurstöður að þó viðmælendum þyki mikilvægt skólar hafi viðbragðsáætlanir er varða kynferðisofbeldi þá upplifa þeir ýmsa vankanta á þeim eins og þær eru í dag og telja suma þætti innan hennar óframkvæmanlega.

Í ljósi þess að sterkar vísbendingar eru nú til staðar um að náms- og starfsráðgjafar gegni lykilhlutverki við vinnslu kynferðisofbeldismála er mikilvægt að hlustað sé á upplifun þeirra á stöðu þessara mála innan framhaldsskólanna. Niðurstöður sem slíkar gefa tækifæri til að skoða hvað betur má fara varðandi vinnslu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna. Miðað við lýsingu viðmælenda á þeim áskorunum sem þeir reka sig á við vinnslu slíkra mála má ætla að mikilvægt sé að skýra lagaramma skólanna og úrræði þeirra, stytta biðtíma eftir þjónustu annarra fagaðila, ásamt því að endurskoða viðbragðsáætlanir og samræma þær svo hægt sé að bjóða uppá raunveruleg úrræði sem tryggja farsæld og velferð og áframhaldandi skólagöngu bæði þolanda og ungra gerenda.

Niðurstöðurnar eru einnig áhugaverðar fyrir fagstétt náms- og starfsráðgjafa því þær varpa ljósi á það óvinnandi hlutverk sem náms- og starfsráðgjöfum er falin við vinnslu kynferðisofbeldismála og þá gríðarlegu ábyrgð og siðferðislegu áskoranir sem viðmælendur upplifa við vinnslu þeirra. Af niðurstöðum má ætla skilgreina þurfi betur störf náms- og starfsráðgjafa og samhliða að endurskoða það hlutverk sem þeim eru falin í viðbragðsáætlunum skólanna til að tryggja þeim heilnæmt starfsumhverfi og að þau verkefni sem þeir sinna við vinnslu kynferðisofbeldismála samræmist störfum náms- og starfsráðgjafa að öllu leyti.

Er það von rannsakanda að niðurstöður þessar nýtist til að skýra aðkomu náms- og starfsráðgjafa við vinnslu kynferðisofbeldismála og einnig við endurskoðun á verkferlum og viðbragðsáætlunum skólanna svo betur sé hægt að svara ákalli framhaldsskólanemenda um skýrari úrræði og verklag í kynferðisofbeldismálum. Hafa ber í huga að rannsókn þessi var framkvæmd með eigindlegri rannsóknaraðferð og vegna þessa er ekki hægt að alhæfa að þær niðurstöður sem fram komu hér samræmist upplifun allra náms- og starfsráðgjafa sem starfa í framhaldsskólum. Forvitnilegt væri í framhaldi af þessari rannsókn að kanna hvort upplifun annarra náms- og starfsráðgjafa sé sambærileg. Eins að kanna hver upplifun framhaldsskólanemanda af viðbrögðum og úrræðum skólanna í kynferðisofbeldismálum er í dag sem og þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita í slíkum málum.

Ákveðin framfaraskref voru stigin eftir að rannsókn þessi fór fram til að bregðast við stöðu kynferðisofbeldismála innan framhaldsskólanna og skýra verklag og úrræði skólanna. Heimild hefur verið veitt til að setja á stofn stuðnings og ráðgjafateymi á vegum miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu sem hefur það hlutverk að styðja við börn, foreldra og starfsfólks á öllum skólastigum meðal annars þegar alvarleg atvik hafa átt sér stað innan skólanna (lög um miðstöð menntunar og skólaþjónustu nr. 91/2023). Ætla má að slíkt teymi geti stutt framhaldsskólana við að taka ákvörðun um hvaða viðbrögð og úrræði séu viðeigandi þegar kynferðisofbeldismál koma upp. Eins gaf Stjórnarráð Íslands út, rétt fyrir skil á þessari ritgerð, leiðarvísi um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemanda sem framhaldsskólum er ætlað að nýta við vinnslu meðal annars kynferðisofbeldismála (Stjórnarráð Íslands, 2024). Hér er um að ræða þessi miðlæga viðbragðsáætlun sem framhaldsskólanemendur og viðmælendur í þessari rannsókn



kölluðu eftir. Þó leiðarvísir þessi skýri að mörgu leyti hvernig verklag við vinnslu kynferðisofbeldismál skuli vera háttað og nefni leiðir til að nýta lagaramma skólanna til að stuðla að öryggi og farsæld þolanda þá er hlutverki náms- og starfsráðgjafa í slíkum málum ekki gerð skýr skil nema að því leyti að þeir eru nefndir sem aðilar sem koma að stuðningi við nemendur. Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar þá er hlutverk þeirra við vinnslu kynferðisofbeldismála viðameira eins og það er í dag. Áhugavert verður í framhaldi af þessum breytingum að skoða hvort að breyting verði á upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu. Eins að kanna hvort þær áskoranir sem viðmælendur nefna í þessari rannsókn verði enn til staðar og þeir vankantar sem þeir bera kennsl á í viðbragðsáætlunum skólanna.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2015.

Agnes Helga Sigurðardóttir. (2023). *Náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum á Íslandi. Staðan 2023* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman.  
<http://hdl.handle.net/1946/43969>

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Áfallasaga kvenna. (e.d.). *Frumniðurstöður*. <https://afallasaga.is/nidurstodur/>

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Bhattacharyya, R. (2018). # Meeto Movement: An Awareness Campaign. *International Journal of Innovation, Creativity and Change*, 3(4).  
[https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=3175260](https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=3175260)

Bjarki Sigurðsson. (2022, 4. október). Bylting í MH: Vilja ekki mæta nauðgurum sínum á göngunum. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222319513d>

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson. (2022, 6. október). Ráðherra ávarpar mótmælendur: „Við biðjumst afsökunar á því að hafa ekki hlustað öll þessi ár“. *Heimildin*. <https://heimildin.is/grein/15964/vid-bidjumst-afsokunar-a-thvi-ad-hafa-ekki-hlustad-oll-thessi-ar/>

Braun, V. Og Clarke, V. (2013). *Planning and designing qualitative research*. Sage.F

Brynhildur Karlsdóttir. (2022, 4. október). MH klúðrar málunum enn þá á kostnað þolenda. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222319491d/mh-kludrar-malunum-enn-tha-a-kostnad-tholenda>

Campbell, J. C., Sabri, B., Budhathoki, C., Kaufman, M. R., Alhusen, J. og Decker, M. R. (2021). Unwanted Sexual Acts Among University Students: Correlates of Victimization and Perpetration. *Journal of Interpersonal Violence*, 36(1-2), 504-526.  
<https://doi.org/10.1177/0886260517734221>

Campbell, R., Wasco, S.M., Ahrens, C. E., Sefl, T. og Barnes, H. E. (2001). Preventing the "Second Rape": Rape Survivors' Experiences With Community Service Providers. *Journal of Interpersonal Violence*, 16(12), 1239-1259.  
<https://doi.org/10.1177/088626001016012002>

Caron, S. L., og Mitchell, D. (2022). "I've Never Told Anyone": A Qualitative Analysis of Interviews With College Women Who Experienced Sexual Assault and Remained

Silent. *Violence Against Women*, 28(9), 1987-2009.  
<https://doi.org/10.1177/10778012211022766>

Costa, B. M., Kaestle, C. E., Walker, A., Curtis, A., Day, A., Toumbourou, J. W. og Miller, P. (2015). Longitudinal predictors of domestic violence perpetration and victimization: A systematic review. *Aggression and Violent Behavior*, 24, 261-272.  
<https://doi.org/10.1016/j.avb.2015.06.001>

Duval, A., Lanning, B. A. og Patterson, M. S. (2020). A Systematic Review of Dating Violence Risk Factors Among Undergraduate College Students. *Trauma, Violence, & Abuse*, 21(3), 567-585. <https://doi.org/10.1177/1524838018782207>

Dworkin, E. R. (2020). Risk for Mental Disorders Associated With Sexual Assault: A Meta-Analysis. *Trauma, Violence, & Abuse*, 21(5), 1011-1028.  
<https://doi.org/10.1177/1524838018813198>

Dworkin, E. R., Menon, S. V. og Bystrynski, J. (2017). Sexual assault victimization and psychopathology: A review and meta-analysis. *Clinical Psychology Review*, 56, 65-81. <https://doi.org/10.1016/j.cpr.2017.06.002>

Eygló Árnadóttir. (2023, 10. mars). *Sjúkt spjall: Hvað geta skólar lært af ungum brotapolum?* [myndband]. Youtube.  
<https://www.youtube.com/watch?v=BH7uRfGQAc4>

Félag náms- og starfsráðgjafa. (2003, 4. apríl). *Starfslýsing. Almenn starfslýsing fyrir náms og starfsráðgjafa*. <https://fns.is/um-felagid/starfslysing/>

Félag náms- og starfsráðgjafa. (2021, 12. maí). *Síðareglur Félags náms- og starfsráðgjafa*. <https://fns.is/wp-content/uploads/2023/04/Sidareglur-FNS.pdf>

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. (e.d.). *Stefna FB um forvarnir og viðbrögð gegn einelti, ofbeldi og kynferðislegri áreitni*. <https://www.fb.is/aaetlanir-og-stefnur/gegn-einelti/>

Fjölbrautaskólinn við Ármúla. (2020, 23. mars). *Viðbragðsáætlun – nemendur. Áætlun gegn einelti / áreitni / ofbeldi – nemendur*. <https://www.fa.is/skolinn/utgefingefni/namskra/3.-starfsemi/3.9.-eineltisstefna/3.9.2.-vidbragdsaaetlun-nemendur/>

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. (2022, 19. september). *Áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi*. <https://www.fnv.is/is/skolinn/skolanamskra/stefna-markmid-og-aaetlanir/aaetlun-gegn-einelti>

Fjölbrautaskóli Suðurlands. (2022, 1. nóvember). *Áætlun gegn áreitni / ofbeldi-nemendur*. <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/aaetlun-gegn-areitni-ofbeldi-nemendur>

Flood, M., Brown, C., Dembele, L. og Mills, K. (2022). *Who uses domestic, family, and sexual violence, how, and why? The State of Knowledge Report on Violence Perpetration*. <https://research.qut.edu.au/centre-for-justice/wp->

content/uploads/sites/304/2023/01/Who-uses-domestic-family-and-sexual-violence-how-and-why-The-State-of-Knowledge-Report-on-Violence-Perpetration-2023.pdf

Framhaldsskólinn á Laugum. (2023). *Áætlun um viðbrögð við einelti, ofbeldi og áreitni*. [https://laugar.is/?page\\_id=67](https://laugar.is/?page_id=67)

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. (2022, 2. september). *Kynferðisleg áreitni og ofbeldi*. <https://www.fmos.is/is/skolinn/hugmyndafrædin/kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi>

Fry, D., Fang, X., Elliott, S., Casey, T., Zheng, X., Li, J., Florian, L. og McCluskey, G. (2018). The relationships between violence in childhood and educational outcomes: A global systematic review and meta-analysis. *Child Abuse & Neglect*, 75, 6-28. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2017.06.021>

Gajmer, P. (2020). Sex Assault and Offenders—An Overview of Victim-offender Relationship on Cases of Sexual Offences. *International Journal of Ethics, Trauma and Victimology*, 6(2), 14-18. <https://doi.org/10.18099/ijetv.v6i02.4>

García-Moreno, C., Sardinha, L., Maheu-Giroux, M., Stöckl, H. og Meyer, S. (2021). *Violence Against Women Prevalence Estimates, 2018: Global, regional and national prevalence estimates for intimate partner violence against women and global and regional prevalence estimates for non-partner sexual violence against women*. <https://iris.who.int/bitstream/handle/10665/341337/9789240022256-eng.pdf?sequence=1>

Gravelin, C. R., Biernat, M. og Bucher, C. E. (2018). Blaming the Victim of Acquaintance Rape: Individual, Situational, and Sociocultural Factors. *Frontiers in Psychology*, 9, 2422. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2018.02422>

Hales, S. T. og Gannon, T. A. (2022). Understanding Sexual Aggression in UK Male University Students: An Empirical Assessment of Prevalence and Psychological Risk Factors. *Sexual abuse : a journal of research and treatment*, 34(6), 744–770. <https://doi.org/10.1177/10790632211051682>

Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. Sage.

Hildur Halla Gylfadóttir. (2023). *Tekur þú þetta ekki bara? Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/43706>

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir, afleiðingar og úrræði*. Félags- og tryggingamálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ofbeldisbaekur/netheilbrigdisstpdf.pdf>

Jafnréttisstofa. (2017, 18. desember). *#metoo á Íslandi*. <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/frettir/metoo-a-islandi>

- Jafnréttisstofa. (2023). *Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni – ráðstafanir og viðbrögð framhaldsskólanna*.  
[https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefing\\_fni/framhaldsskolar-samantekt-12.1.2023.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefing_fni/framhaldsskolar-samantekt-12.1.2023.pdf)
- Jón Friðrik Sigurðsson, Gísli Guðjónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). Sexually abusive youth: what are the background factors that distinguish them from other youth? *Psychology, Crime & Law*, 16(4). 289-303.  
<https://doi.org/10.1080/10683160802665757>
- Katrín Ólafsdóttir og Anndís Greta Rúdólfsdóttir (2022). “I am not a monster”: An affective–discursive analysis of men’s perspectives on their engagement in violence against women. *Feminism & Psychology*, 33(1), 126-143. <https://doi.org/10.1177/09593535221105341>
- Kirkner, A., Lorenz, K. og Ullman, S. E. (2021). Recommendations for Responding to Survivors of Sexual Assault: A Qualitative Study of Survivors and Support Providers. *Journal of Interpersonal Violence*, 36(3-4), 1005–1028.  
<https://doi.org/10.1177/0886260517739285>
- Krahé., B., Tomaszewska, P., Kuyper, L. og Vanwesenbeeck, I. (2014). Prevalence of sexual aggression among young people in Europe: A review of the evidence from 27 EU countries. *Aggression and Violent Behavior*, 19(5), 545-558.  
<https://doi.org/10.1016/j.avb.2014.07.005>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
- Lög um miðstöð menntunar og skólaþjónustu nr. 91/2023.
- Lög um náms- og starfsráðgjafa nr. 35/2009.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Mannell, J., Lowe, H., Brown, L., Mukerji, R., Devakumar, D., Gram, L., Jansen, H.A.F.M., Minckas, N., Osrin, D., Prost, A., Shannon, G og Vyas, S. (2022). Risk factors for violence against women in high-prevalence settings: a mixed-methods systematic review and metasynthesis. *BMJ Global Health*, 7(3). <https://doi.org/10.1136/bmjgh-2021-007704>
- Menntamálaráðuneytið. (1998, október). *Efling náms- og starfsráðgjafar. Nefndarálit. Staða starfs- og námsráðgjafar. Hlutverk og verksvið. Tillögur*. [https://fns.is/wp-content/uploads/2023/04/Efling\\_namsstarfsradgjafar2.pdf](https://fns.is/wp-content/uploads/2023/04/Efling_namsstarfsradgjafar2.pdf)

- Mennta- og barnamálaráðuneyti. (2022). *Menntastefna til ársins 2030*.  
<https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Menntastefna/menntastefna-vefur.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Markviss kennsla um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum. Greinargerð og tillögur starfshóps*.  
<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Sk%c3%bdrsla%20starfsh%c3%b3ps%20um%20kynfr%c3%a6%c3%b0slu%20010721.pdf>
- Menntaskólinn að Laugarvatni. (2022, 1. september). *Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi – EKKO*. <https://ml.is/wp-content/uploads/almenn-skjol/gaedahandbokin/EKKO%20%C3%A1%C3%A6tlun%20um%20a%C3%B0ger%C3%B0ir.pdf>
- Menntaskólinn á Tröllaskaga. (2022, 8. nóvember). *Áætlun Menntaskólans á Tröllaskaga gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi*.  
<https://www.mtr.is/is/moya/page/aetlun>
- Molstad, T. D., Weinhardt, J. M. og Jones, R. (2023). Sexual Assault as a Contributor to Academic Outcomes in University: A Systematic Review. *Trauma, Violence, & Abuse*, 24(1), 218–230. <https://doi.org/10.1177/15248380211030247>
- Okunlola, O. B., Odukoya, J. A. og Gesinde, A. M. (2019). Outcomes of sexual abuse on self-esteem among adolescents: A systematic review. *Cogent Social Sciences*, 7(1).  
<https://doi.org/10.1080/23311886.2020.1856296>
- Ólafur V. Hrafnsson og Harpa Hlín Einarsdóttir. (2023). *Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu*. [https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2024/01/THolendakonnun-2023\\_allt\\_landid-des-2023.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2024/01/THolendakonnun-2023_allt_landid-des-2023.pdf)
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2017). Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsárum. Berskjöldun og áhrif á skólalagöngu. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.  
<https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/14.pdf>
- Ray, T. N. og Parkhill, M. R. (2023). Components of Hostile Masculinity and Their Associations With Male-Perpetrated Sexual Aggression Toward Women: A Systematic Review. *Trauma, Violence, & Abuse*, 24(2), 355-368.  
<https://doi.org/10.1177/15248380211030224>
- Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016.
- Reglugerð um starfslið og skipulag í framhaldsskóla nr. 1100/2007.

- Ríkislögreglustjóri. (2023). *Kynferðisbrot: Fyrstu 12 mánuðir ársins 2023*.  
<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2024/03/Kynferdisbrot-Aukaadild-og-sakb.-fyrir-ytri-vef-2023-16.02.2024.pdf>
- Ríkissaksóknari. (e.d.). *Orðskýringar*.  
<https://www.rikissaksoknari.is/vitni/ordskyringar/#K>
- Rousseau, C., Bergeron, M. og Ricci, S. (2020). A metasyntesis of qualitative studies on girls' and women's labeling of sexual violence. *Aggression and Violent Behavior, 52*.  
<https://doi.org/10.1016/j.avb.2020.101395>
- Sandra Þóroddsdóttir. (2012). *Innsýn í störf náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum og viðhorf þeirra til heildrænna náms- og starfsráðgjafaráætlana* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/13036>
- Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir. (2020, 5. nóvember).  
[https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur\\_sidanefnd\\_hv\\_5\\_nov\\_2020.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf)
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórssdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði* (bls. 71-88). Háskólinn á Akureyri.
- Sigrún María Hákonardóttir. (2016). *Afmörkun hlutverks og hlutverkaárekstrar í starfi að mati náms- og starfsráðgjafa* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman.  
<http://hdl.handle.net/1946/23978>
- Snæfríður Þóra Egilson. (2006). *Á heimavelli: Að rannsaka fyrrum starfsvettvang*. Háskólaútgáfan.
- Snæfríður Þóra Egilson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2021). Grunduð kenning í anda félagslegrar mótunarhyggju. Í Sigríður Halldórssdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 333-347). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Spencer, C. M., Rivas-Koehl, M., Astle, S., Toews, M. L., Anders, K. M. og McAllister, P. (2023). Risk Markers for Male Perpetration of Sexual Assault on College Campuses: A Meta-Analysis. *Trauma, Violence, & Abuse, 24*(4), 2486-2497. <https://doi.org/10.1177/15248380221097437>
- Steele, B., Martin, M., Yakubovich, A., Humphreys, D. K. og Nye, E. (2022). Risk and Protective Factors for Men's Sexual Violence Against Women at Higher Education Institutions: A Systematic and Meta-Analytic Review of the Longitudinal Evidence. *Trauma, Violence, & Abuse, 23*(3), 716-732. <https://doi.org/10.1177/1524838020970900>
- Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. (2023, 10. mars.) *Á skólinn að reka réttarkerfi?* [myndband]. Youtube. <https://www.youtube.com/watch?v=pIVAGxADH3o>
- Stígamót. (e.d.). *Nauðgun*. <https://stigamot.is/kynferdisofbeldi/birtingarmyndir-kynferdisofbeldi/naudganir/>

- Stígamót. (2022). *Ársskýrsla*. <https://stigamot.is/wp-content/uploads/2023/07/arsskyrsla2022.pdf>
- Stígamót. (2023). *Ofbeldismenn á Íslandi, Ofbeldismenn kynferðisofbeldis - Greining á gögnum Stígamóta*. [https://stigamot.is/wp-content/uploads/2023/10/Stigamot\\_Ofbeldismenn\\_2023-1.pdf](https://stigamot.is/wp-content/uploads/2023/10/Stigamot_Ofbeldismenn_2023-1.pdf)
- Stjórnarráð Íslands. (2022, 5. október). *Viðbrögð framhaldsskóla við ofbeldi*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/05/Vidbrogd-framhaldsskola-vid-ofbeldi/>
- Stjórnarráð Íslands. (2024, mars). *Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla við EKKI málum nemenda*. <https://stoppofbeldi.namsefni.is/3d-flip-book/leidarvisir-um-vidbrogd-framhaldsskola-vid-ekko-malum-nemenda/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/forvarnir-medal-barna-og-ungmenna-gegn-kynferdislegu-og-kynbundnu-ofbeldi-og-areitni/>
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- Stjórnsýslulög nr. 30/1993.
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (e.d.). *Íslensk nútímamálsorðabók*. <https://isenskordabok.arnastofnun.is/ord/63496>
- Suhita, B. M., Ratih, N. og Priyanto, K. E. (2021). Psychological Impact on victims of Sexual Violence: Literature Review. *STRADA Jurnal Ilmiah Kesehatan*, 10(1), 1412-1423.
- Svala Ísfeld Ólafsdóttir. (2011). Refsiákvæði er varða kynferðisbrot gegn börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritsjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 57-105). Háskólaútgáfan.
- Taylor, S. J., Bogdan, R. og DeVault M. (2016). *Introduction to qualitative research methods: a guidebook and resource*. John Wiley & Sons.
- Ter Beek, E., Spruit, A., Kuiper, C.H.Z., Van Der Rijken, R.A., Hendriks, J. og Stams, G.J.J.M. (2018). Treatment Effect on Recidivism for Juveniles Who Have Sexually Offended: a Multilevel Meta-Analysis. *J Abnorm Child Psychol*, 46, 543–556. <https://doi.org/10.1007/s10802-017-0308-3>
- Tyler, N., Gannon, T.A. og Olver, M.E. (2021). Does Treatment for Sexual Offending Work? *Curr Psychiatry Rep*, 23(51). <https://doi.org/10.1007/s11920-021-01259-3>
- Ullman, S. E. (2023a). Correlates of Social Reactions to Victims' Disclosures of Sexual Assault and Intimate Partner Violence: A Systematic Review. *Trauma, Violence, & Abuse*, 24(1), 29-43. <https://doi.org/10.1177/15248380211016013>



- Ullman, S. E. (2023b). *Talking about sexual assault: Society's response to survivors*, 2nd ed. American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/0000360-000>
- Verkmenntaskólinn á Akureyri. (e.d.) *Áætlun gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi – Nemendur*. <https://www.vma.is/static/files/kynferdisofbeldi-nem.pdf>
- Viktor Örn Ásgeirsson. (2022, 4. október). MeToo bylgja framhaldsskólanema: Tímabært að rödd þeirra fái að heyrast. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222319814d/met-oo-bylgja-fram-halds-skola-nema-tima-baert-ad-rodd-theirra-fai-ad-heyrast>
- Voight, A. og King-White, D. (2021). School counselors' role in supporting student voice initiatives in secondary schools. *Multicultural Learning and Teaching*, 16(1), 63-79. <https://doi.org/10.1515/mlt-2020-0003>
- Þingskjal nr. 1749/2018-2019. Þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.
- Þingskjal nr. 1609/2019-2020. Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025.
- Þingskjal nr. 35/2022-2023. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

## Viðauki 1 - Viðtalsrammi

- Bakgrunnspurningar
  - Aldur
  - Starfsaldur- hvað hefur þú unnið lengi sem náms- og starfsráðgjafi í framhaldsskóla?
  - Starfar þú líka sem tengiliður farsældar?
- Mig langar að byrja á því að biðja þig um að segja mér hver þinn skilningur er af hugtakinu kynferðisofbeldi.
- Geturðu sagt mér frá upplifun þinni af því þegar það leita til þín nemendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi?
  - Hvernig upplifir þú þekkingu þína á málaflokknum?
- Hvað gerir þú í þínu starfi til að styðja við nemendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi?
- Hverjar eru helstu áherslur þínar í þeirri ráðgjöf eða stuðningi sem þú veitir þolendum?
  - Hvað finnst þér mikilvægast að þolandi upplifi í ráðgjöfinni?
- Er eitthvað sem þú gerir sérstaklega í þínum störfum við að hvetja þolendur til að koma og segja frá kynferðisofbeldi?
- Hver er upplifun þín af þeim viðbrögðum eða viðbragðsáætlunum sem skólinn þinn hefur sett sér þegar kynferðisofbeldismál kemur upp innan skólans?
  - Er skólinn með skýra viðbragðsáætlun? Segðu mér frá verkferlum
  - Upplifir þú þessa verkferla gagnlega?
  - Myndir þú vilja hafa þetta öðruvísi, komst þú að hönnun þeirra eða innleiðingu?
- Hvernig upplifir þú þitt hlutverk og þína ábyrgð sem náms- og starfsráðgjafi þegar kemur að kynferðisofbeldismálum innan skólans?
- Hvað er það sem þú sem náms- og starfsráðgjafi berð helst ábyrgð á í þessum verkferlum?
  - Hver eru þín verkefni, samræmast þau starfslýsingu þinni eða því sem þú telur að flokkist undir hlutverk náms- og starfsráðgjafa?
  - Er eitthvað sem þú gerir sem þér finnst ekki eiga að vera á höndum náms- og starfsráðgjafa?
  - Hvernig er samstarfi við aðra háttað, innan og utan veggja skólans?
- Hverjar eru helstu áskoranirnar sem þú mætir þegar upp koma kynferðisofbeldismál?
  - Í stuðningi til nemenda
  - Ytri áskoranir
- Hvað með aðkomu þína að meintum gerendum geturðu sagt mér frá því?
  - Hverjar eru helstu áskoranirnar þar?
- Hver var þín upplifun af þeirri gagnrýni sem kom fram m.a. í fjölmiðlum í fyrra varðandi úrræði skólanna í kynferðisofbeldismálum?
- Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?
- Má ég hafa samband aftur?

## Viðauki 2 - Kynningarbréf

Höfn í Hornafirði

Góðan dag

Ég undirrituð er að vinna að meistararitgerð minni í Náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar sem ég er að vinna að er tvíþætt. Í fyrsta lagi að varpa ljósi á upplifun og reynslu náms- og starfsráðgjafa af því að veita þolendum ráðgjöf eftir að tilkynning um kynferðisofbeldi eða áreitni berst framhaldsskólum. Ásamt því að heyra hvað náms- og starfsráðgjafar leggja áherslu á í ráðgjöf sinni til þolenda og helstu áskoranir sem þeir upplifa í ráðgjöfinni. Í öðru lagi að heyra upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu innan skólanna í tengslum við þennan málaflokk og þeim verkferlum sem skólar hafa sett sér. Það er mikilvægt að rödd náms- og starfsráðgjafa í tengslum við þennan málaflokk fái að heyrast og vonast ég til að niðurstöður rannsóknarinnar geti aðstoðað við áframhaldandi mótun verkferla innan skólakerfisins í þessum málaflokki og því hlutverki sem náms- og starfsráðgjafar gegna þar.

Ég er að leita að viðmælendum, menntuðum náms- og starfsráðgjöfum sem hafa starfað í framhaldsskóla í a.m.k. tvö ár. Ef þú uppyllir þessi skilyrði og samþykkir að vera með og veita mér lið í þessari vinnu, mun undirrituð taka við þig viðtal á þeim tíma sem hentar þér best. Viðtalið mun fara fram í gegnum fjárfunda forritið TEAMS nema þú óskir frekar að taka viðtalið í raunheimi. Þá munum við finna hentuga staðsetningu í sameiningu. Miðað er við að viðtalið taki u.þ.b. klukkustund. Viðtölin eru tekin upp og verða síðan afrituð í tölvu. Öllum persónugreinanlegum upplýsingum verður eytt og nöfnum og staðháttum verður breytt. Einungis ábyrgðarmaður rannsóknar og rannsakandi hafa aðgang að gögnunum. Þér er heimilt að hætta þátttöku hvenær sem er og einnig að neita að svara einstökum spurningum ef þú kýst svo. Ábyrgðarmaður rannsóknar er Helga Tryggvadóttir aðjúnkt í náms- og starfsráðgjöf. Að rannsókn lokinni verður öllum gögnum eytt.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum áður en þú tekur ákvörðun þá er þér velkomið að senda mér tölvupóst ([XXX@hi.is](mailto:XXX@hi.is)) eða hringja í s: 868XXXX. Þátttaka þín yrði mér mikils virði og vonast ég til að heyra frá þér.

Með fyrir fram þökk og von um jákvæð viðbrögð

Fríður Hilda Hafsteinsdóttir

## Viðauki 3 - Trúnaðaryfirlýsing

Samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að varpa ljósi á reynslu náms- og starfsráðgjafa af því að veita þolendum ráðgjöf eftir að tilkynning um kynferðisofbeldi eða áreitni berst framhaldsskólum. Ásamt því að heyra hvað náms- og starfsráðgjafar leggja áherslu á í ráðgjöf sinni til þolenda og helstu áskoranir sem þeir upplifa í ráðgjöfinni. Í öðru lagi að heyra upplifun náms- og starfsráðgjafa af hlutverki sínu innan skólanna í tengslum við þennan málaflokk og þeim verkferlum sem skólar hafa sett sér.

Með undirskrift þinni samþykkir þú að taka þátt í þessari rannsókn og leyfa rannsakanda að taka við þig viðtal. Viðtalið verður tekið upp og afritað í tölvu. Öllum persónugreinanlegum upplýsingum verður eytt og nöfnum og staðháttum verður breytt. Einungis ábyrgðarmaður rannsóknar og rannsakandi hafa aðgang að gögnum sem geymd verða á læstu svæði í tölvu. Þér er heimilt að hætta þátttöku hvenær sem er og einnig að neita að svara einstökum spurningum ef þú kýst svo. Þar sem náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnaskyldu í störfum sínum er ljóst að ekki verður hægt að ræða einstök mál nemenda. Hins vegar ef það kemur upp í viðtali okkar að einhver málefni nemenda verða reifuð til að skýra reynslu eða upplifun þína þá verður hugað vel að því að fela öll persónuleg einkenni nemenda í afritun. Að rannsókn lokinni verður öllum gögnum eytt. Ábyrgðarmaður rannsóknar er Helga Tryggvadóttir aðjúnkt í náms- og starfsráðgjöf.

Dagsetning, ár og staður: \_\_\_\_\_

Nafn viðmælenda: \_\_\_\_\_

Undirskrift rannsakanda staðfestir að farið verður með allar upplýsingar eftir því sem reglur Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands segja til um:

Rannsakandi: \_\_\_\_\_